


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Skotvopn




Býður fitness-stjörnum
*Hjalti Úrsus stendur fyrir alþjóðlegu fitness-móti í Hörpunni.*
Allt




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
16. ágúst 2011
189. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




Vatnsberinn fluttur
*Stytta Ásmundar stendur nú við Lækjargötu.*
tímamót 18

Einstök stund
*Kristín og Loftur stolt af syninum sem komst inn á PGA-mót í Bandaríkjunum.*
fólk 24



Fjörugt í boltanum
*Fjölmörg mörk voru skoruð í Pepsi-deildinni í gær.*
sport 26 & 27

veðrið í dag




**SVALT NV-TIL** Í dag verður hæg breytileg átt á A-helmingi landsins en 8-13 m/s vestast. Vætusamt NV-til og svalt. Hiti 6-10 stig NV-til, annars 8-15 stig.
VEÐUR 4



**RANNSAKA TILDRÖG SLYSSINS** Alvarlegt bílslys varð á Geirsgötu á föstudagskvöld. Farþegi í bílnum, piltur sem hefði orðið átján ára í gær, lést á gjörgæslu Landspítalans á sunnudagskvöld. Vinir og ættingjar piltins minntust hans á slysstaðnum á miðnætti síðar um kvöldið. **Sjá síðu 2.**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leikskólar í Reykjavík munu skerða þjónustu

**Leikskólakennarar munu leggja niður störf næsta mánudag náist ekki samningar fyrir þann tíma. Reykjavíkurborg ætlar að halda leikskólum sínum opnum en allir leikskólar Akureyrar munu loka. Ekkert hefur þokast í kjaraviðræðum.**

**KJARAMÁL** Leikskólum Reykjavíkurborgar verður ekki lokað þó að leikskólakennarar sem eru í Félagi leikskólakennara (FL) fari í verkfall næsta mánudag, segir Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri leikskólasviðs borgarinnar. Öllum leikskólum á vegum Akureyrarbæjar mun hins vegar verða lokað.

Í gær lauk árangurslausum sáttafundi í kjaradeilu sveitarfélaga og leikskólakennara, án þess að boðað væri til annars fundar hjá sáttasemjara.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar vinnur nú að viðbragðsáætlun, þar sem skoðað er hve mikil röskun verður hjá leikskólum borgarinnar og hvernig brugðist verður við því.

Leikskólastjórnendur hafa fengið viðmiðunarreglur til að hafa til hliðsjónar ef til verkfalls kemur. Þar kemur meðal annars fram að ef deildarstjórar leikskóla eru ekki í Félagi leikskólakennara (FL) má viðkomandi deild taka við börnum sem skráð eru þangað, en ekki af öðrum deildum. Algengast er að aðstoðarleikskólastjórar í Reykjavík starfi einnig sem deildarstjórar og munu þeir því halda áfram að taka á móti leyfilegum fjölda barna er miðast við útreikninga á fjölda barna á hvern starfsmann. Þá munu ófaglærðir starfsmenn leikskóla, sem ekki eru í FL, einnig mæta áfram til vinnu ef til verkfalls kemur.

Á Akureyri eru hins vegar allir starfandi deildarstjórar félagar í FL og því er séð fram á að allir leikskólar munu lokast í verkfallinu.

Sigríður Ósk Jónasdóttir, leikskólastjóri á Flúðum á Akureyri, segir útlitið ekki bjart þar.

„Allir skólar loka. Allir deildarstjórar hér eru í FL og því geta þær deildir ekki haldist opnar," segir hún. Sigríður bætir við að fyrirspurnum foreldra hafi fjölgað í gær, en hún telur þó að almennt sýni þeir kennurum skilning í kjarabaráttu sinni. **- kóþ, sv / sjá síðu 4**

## Viðmiðunarreglur í verkfalli FL

Eftirfarandi kemur fram í reglum sem sendar voru leikskólastjórnendum:

- Þær deildir verða lokaðar þar sem deildarstjóri er í Félagi leikskólakennara. Börn á þeim deildum fá ekki inni á öðrum deildum leikskólans.
- Starfi félagsmenn á deild sem verður opin þarf að fækka börnum sem þar eru.
- Starfsmönnum leikskóla sem verkfallið nær ekki yfir, er óheimilt að taka eigin börn með sér í leikskólann á meðan verkfallið stendur, sé deild barnsins lokuð.
- Ef félagi í FL er yfirmaður í annarri frístund/skólavistun, er stofnuninni ekki heimilt að taka á móti börnum meðan á verkfalli stendur.

Game of Thrones til Íslands:

## Boðaður í prufur fyrir þættina

**FÓLK** Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikari hefur verið boðaður í prufur fyrir þriðju og fjórðu þáttaröðina af Game of Thrones, sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum og víðar.

„Ég fór í prufu fyrir pilot-þáttinn og svo fyrstu og aðra þáttaröð og þeir hafa sagt mér að vera rólegur, þeir séu bara að leita að rétta hlutverkinu," segir Guðmundur. Tökur á annarri þáttaröð munu fara fram að hluta til hér á landi í lok þessa árs. Fyrsta þáttaröðin verður sýnd hér á landi á næstunni. **- fgg / sjá síðu 30**


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir











Muu
betri hugmynd!

## SPURNING DAGSINS



*Bergur Elías, þýðir nokkuð að bakka með þetta?*

„Það væru bara einhverjir Bakkabræður sem gerðu það, við höldum beint áfram.“

Mikið hefur verið rætt um framkvæmdir á Bakka, nýlega barst Norðurþingi ósk um úthlutun 20 hektara lóðar þar fyrir kísilmálmverksmiðju. Bergur Elías Ágústsson er sveitarstjóri Norðurþings.

Stígamót halda námskeið fyrir sjálfboðaliða í athvarfi fyrir þolendur vændis:

# Þurfa á milli 30 og 50 sjálfboðaliða

**SAMFÉLAGSMÁL** Stígamót eru nú að setja á laggirnar nýtt námskeið fyrir sjálfboðaliða sem munu starfa í nýju athvarfi fyrir þolendur vændis og mansals. Athvarfið verður opnað í byrjun september. Sjálfboðaliðar munu starfa við viðveru og þátttöku í daglegu lífi athvarfsins og telur Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, að samtökin þurfi á milli 30 og 50 konur til starfa.

Guðrún segir ástæðu námskeiðsins vera þá að Stígamót vilji að þjónustan í athvarfinu verði sem allra best, þrátt fyrir að ekki sé til fjármagn til að ráða inn starfsfólk á launum.



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

„Við vitum um fjölda kvenna sem vill láta gott af sér leiða og eru með þekkingu og reynslu sem reynist vel þarna,“ segir Guðrún.

„En við viljum líka undirbúa sjálfboðaliðana fyrir það sem þær eiga í vændum og tryggja að konunum sem nýta sér þjónustuna verði sýnd virðing og samstaða.“

Námskeiðið samanstendur af sex fyrirlestrum þar sem meðal annars verður rætt um vændi hér á landi og erlendis, tengsl vændis og kynferðisofbeldis og reynsluna af athvörfunum í Danmörku.

Gistipláss verður fyrir sex til sjö konur og telur Guðrún ekki ólíklegt að samstarf við Kvennaathvarfið muni eiga sér stað ef rými þar verður af skornum skammti. Stígamót munu opna athvarfið formlega 2. september næstkomandi. **- sv**

Félagsleg vandamál Dana:

## Gettóblokkirnar verða ekki rifnar

**DANMÖRK** Ekki er útlit fyrir að áform danskra stjórnvalda um að rífa fjölbýlishús í fátækrahverfum landsins, svokölluðum gettóum“ verði að veruleika.

Ríkisstjórnin eyrnamerkti um hálfan milljarð danskra króna til að rífa hús í fimmtán bæjum, en forsvarsmenn sveitarstjórna, til dæmis í Kaupmannahöfn, vilja frekar skoða félagslega þætti og hafa ekki hug á að rífa húsin.

Aðeins eru uppi áform um niðurrif gettóblokka í tveimur sveitarfélögum, Árósum og Greve. **- þj**

# Tína 800 epli af einu eplatré á Akranesi

**35 ára gamalt tré á Akranesi gaf af sér 800 epli í fyrra. Eplatínsla kemur í stað sláturgerðar á heimilinu, segir húsfreyjan. Hvatafélagið Á-vöxtur plantar eplatrjám í Vogum í dag og sveitarfélagið bætir tveimur kirsuberjatrjám við.**

**ÁVAXTARÆKTUN** Fulltrúar frá Hvatafélaginu Á-vexti eru um þessar mundir að reyna að sannfæra landann um að hægt sé að rækta ávexti eins og epli með góðu móti hér á landi. Þá kemur sér vel að geta bent á Ingibjörgu Eygló Jónsdóttur frá Akranesi en hún er með 35 ára gamalt eplatré í garðinum hjá sér og uppskar 800 epli í fyrra af þessu eina tré.



INGIBJÖRG EYGLÓ JÓNSDÓTTIR

„Konan sem átti húsið á undan okkur plantaði tveimur eplatrjám, annað drapst nú fljótlega en þetta dafnar svona líka vel,“ segir Ingibjörg. „Ég fór svo að gefa þessu áburð og það var eins og það hefði tekið brjálæðiskast, það rauk bara upp.“

En hvað gerir maður við 800 epli? „Ég gaf mikið af þessu en síðan búta ég mikið af þessu niður og set í frysti, nota það síðan í eplakökur og eplabökur.“ Eplatínslan er í september svo Ingibjörg hefur engan tíma til þess að taka slátur. „Nei, þetta er okkar sláturtíð,“ segir hún kankvís.

Þó að Akranes sé kannski ekki þekkt fyrir veðursæld virðist svæðið heppilegt til eplaræktunar en þar býr einnig Jón Þórir Guðmundsson en hann fær þar um tvö til þrjú hundruð epli á ári.

Hvatafélagið Á-vöxtur hefur undanfarið plantað tveimur trjám í hinum ýmsu almenningsgörðum, meðal annars á Klambratúni í Reykjavík og öðrum opinberum stöðum. Í dag ætlar félagið að planta tveimur trjám í skrúðgarðinum Aragerði í Vogum. Sveitarfélagið þar vill ekki láta sitt eftir liggja svo fordæminu verður fylgt eftir með því að planta tveimur kirsuberjatrjám við sama tækifæri. Vogar eru heldur ekki þekktir fyrir veðursæld en Eirný Vals bæjarstjóri er bjartsýn á framtíð trjánna. „Þau verða þarna í laut og í skjóli stórra trjáa sem plantað var fyrir nær hálfri öld svo ég er viss um að þau eigi eftir að braggast vel hjá okkur,“ segir hún.

Þorvaldur Örn Árnason hvatafélagi segir að ef allt gangi að óskum verði hægt að tína epli af trjánum í Aragerði eftir tvö ár.

**jse@frettabladid.is**



**EPLATRÉÐ GJÖFULA** Hér sjáum við eplatréð hennar Ingibjargar í blóma á vormánuðum.



**EPLIN ÞROSKAST** Svona líta eplin út nú. Ingibjörg telur að þau verði nokkru færri í ár en í fyrra.



**VERÐFALL** Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri Evrópu, segir nauðsynlegt að sporna við verðfalli á mörkuðum. NORDICPHOTOS/AFP

Seðlabanki ESB til bjargar:

## Dældi fé inn á dapran markað

**FRAKKLAND, AP Seðlabanki Evrópusambandsins keypti hlutabréf fyrir 22 milljarða evra í síðustu viku til að sporna við falli á mörkuðum á Spáni og Ítalíu.**

**Þetta samsvarar 3.200 milljörðum króna og er meira fé en bankinn hefur nokkru sinni dælt inn á markaði.**

**Bankinn skýrði frá þessu í gær, daginn áður en leiðtogar Frakklands og Þýskalands hittast til að ræða skuldavandann sem enn hrjáir Evrópuríki.**

**Ítalía hefur staðið tæpt undanfarið vegna skuldabaggans og Frakkland komst einnig í vanda í síðustu viku.** **- gb**

Olíuleki í Norðursjó:

## Yfir þúsund tunnur í hafið

**BRETLAND** Vel á annað þúsund tunna af olíu lak í hafið norðaustur af Skotlandi í gær, þar sem leki kom að olíuleiðslu við borpallinn Gannet Alpha í Norðursjó.

Olíufyrirtækið Shell, sem rekur borpallinn, segir að tekist hafi að stöðva lekann. Starfsemi haldi áfram og allt starfsfólk sé heilt á húfi.

Umhverfisverndarsinnar sögðu fyrirtækið þó ekki hafa gefið nógu miklar upplýsingar til að hægt sé að meta hættuna á frekara tjóni. **- gb**

## Lést í bílslysi á föstudagskvöld

Pilturinn sem lést eftir bílslys á Geirsgötu á föstudagskvöld hét Eyþór Darri Róbertsson. Hann lést af höfuðáverkum á gjörgæslu Landspítalans á sunnudag.



Eyþór Darri slasaðist alvarlega þegar bílstjóri missti stjórn á bíl sem hann var farþegi í, á gatnamótum Geirsgötu og Tryggvagötu í Reykjavík, með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði á húsvegg.

Eyþór Darri bjó í Sólheimum 14 í Reykjavík. Hann hefði orðið átján ára í gær.

ÍBS ætlar að mæta eftirspurn:

## Setja 130 íbúðir á leigumarkað

**HÚSNÆÐISMÁL Íbúðalánasjóður (ÍBS) ætlar að setja um 130 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu á leigumarkað á næstu tólf mánuðum til að anna eftirspurn. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra telur að þetta skref geti haft góð áhrif á leigumarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu.**

**Forsvarsmenn ÍBS funduðu með ráðherra í gær þar sem þetta var ákveðið. Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri ÍBS, sagði við Stöð 2 að aðgerðirnar muni jafnframt geta skapað störf við að klára þær íbúðir sem enn eru á byggingarstigi og einnig hafa jákvæð áhrif á leigumarkaðinn.**

**Guðbjartur segir að sjóðurinn stýri verkefninu en ráðuneytið muni engu að síður fylgjast vel með því. Þá megi ekki gleyma því að margar eignir sjóðsins henti ekki til útleigu.** **- sv**

HÓPKAUP.IS Í DAG

RÉTTUR DAGSINS Á SPÍRUNNI GARÐHEIMUM

711 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 1.450 kr. | Afsláttur 51% | Afsláttur í kr. 739 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



Hollur hádegisverður sem gleður bragðlaukana. Notað er ferskt hráefni úr Garðheimagarðinum og beint frá bónda. Komdu og upplifðu skemmtilega gróðurhúsastemningu á 2. hæð Garðheima.

www.spiran.is

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA

Bílaleigubílar eru meirihluti nýskráðra nýrra fólksbíla það sem af er þessu ári:

# Stígandi í sölu nýrra bíla

**SAMGÖNGUR** Fyrstu sjö mánuði þessa árs voru skráðir 3.500 nýir fólksbílar á Íslandi. Þar af voru 2.145 bílaleigubílar, samkvæmt upplýsingum frá Bílgreinasambandinu. Einstaklingar hafa þess vegna keypt 1.355 nýja fólksbíla á tímabilinu.

Allt árið í fyrra keypti almenningur 1.266 nýja fólksbíla og bílaleigurnar 1.840. Nýskráðir bílar voru alls 3.106 talsins.

„Verð á nýjum bílum hefur staðið í stað eða jafnvel lækkað ef eitthvað er frá því að það snarhækkaði í byrjun árs 2009 vegna falls krónunnar,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins.

„Menn hafa unnið hörðum höndum að því hér heima að ná betri samningum við sína birgja úti. Ef eitthvað bjátar á hjá viðskiptavinum reyna birgjar að koma til móts við þá. Menn hafa lagt mesta áherslu á þessa miðlungsbíla sem henta fjöldanum. Það hefur náðst bestur árangur við að knýja fram lækkun á þeim,“ greinir Özur frá.

Í Evrópusambandslöndunum lækkaði verð á nýjum bílum að meðaltali um 2,5 prósent frá janúarmánuði í fyrra til janúarmánaðar í ár. **- ibs**



**NÝIR BÍLAR** Verð á nýjum fólksbílum hefur lækkað frá því að það snarhækkaði eftir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Greidd eru mánaðargjöld og upphafsgjöld skv. verðskrá. Ekki eru greidd upphafsgjöld af símtölum í vinanúmer. Nánar á siminn.is

## GENGIÐ 15.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,55 | 115,09 |
| Sterlingspund | 186,70 | 187,60 |
| Evra | 163,56 | 164,48 |
| Dönsk króna | 21,954 | 22,082 |
| Norsk króna | 20,753 | 20,875 |
| Sænsk króna | 17,594 | 17,698 |
| Japanskt jen | 1,4899 | 1,4987 |
| SDR | 183,47 | 184,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,1312

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Árangurslausum kjarafundi leikskólakennara lauk hjá sáttasemjara í gær:

# Eru svartsýnir á að samningar náist

**KJARAMÁL** Allt stefnir í verkfall hjá Félagi leikskólakennara næstkomandi mánudag. Árangurslausum kjarafundi lauk í gær og hefur sáttasemjari ekki enn boðað til annars fundar.

Leikskólakennarar segjast hafa dregist aftur úr í launum, miðað við sambærilegar stéttir um fjórðung á fáum árum. Þeir vilja ellefu prósenta hækkun launa umfram það sem flestar stéttir hafa samið um.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segist ekki bjartsýnn á framhaldið, og segir kröfur kennara úr takti


HALLDÓR HALLDÓRSSON


HARALDUR FREYR GÍSLASON

við aðra samninga. „Það gætu allir hengt sig í það að einhvern tíma hafi þeir ekki samið rétt. Þetta er ekki tíminn til að hengja sig í svoleiðis dæmi," segir Halldór.

„Ég hef sagt það áður að launahækkunum verður mjög víða mætt með uppsögnum, þannig að þetta er ekkert grín."

Haraldur F. Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, segir sveitarfélögin hafna þessari kröfu en þau hafi ekkert boðið í staðinn. Hann bendir á að stærsta sveitarfélagið, Reykjavíkurborg, hafi um 40 prósent leikskólakennara í vinnu og borgi þegar það sem leikskólakennarar fara fram á. Þrátt fyrir það þurfi leikskólakennarar þar að fara í verkfall sem bitni á saklausu fólki. **- kóþ, sv**

Spjöll unnin í Hveragerði:

# Grýttu bíl og veltu öðrum

**LÖGREGLUMÁL** Grjóti var kastað í Mercedes-Benz bifreið þar sem hún stóð við Fljótsmörk 6 í Hveragerði aðfaranótt laugardagsins 13. ágúst. Þá voru spjöll unnin á bifreið og gröfu og fleiru á athafnasvæði gróðrarstöðvar við Reykjamörk. Þar hafði grafan verið gangsett og notuð til að velta gömlum bíl.

Lögreglan á Selfossi óskar eftir því að þeir sem búi yfir vitneskju um hver hafi valdið framanskráðu tjóni geri lögreglu viðvart um það í síma 480 1010. **- jss**


**KARIÐ KANNAÐ** Slökkviliðsmenn fullvissuðu sig um að allur eldur væri kæfður í magnesíumkarinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VLHELM

Eldur laus í magnesíumkari:

# Sýndu snarræði og slökktu eld

**BRUNI** Starfsmenn Vélsmiðjunnar Héðins í Hafnarfirði sýndu snarræði í gær þegar kviknaði í magnesíumkari í smiðjunni. Magnesíumsag logaði skært, en hvorki vatn né froða dugar til að slökkva eld í efninu.

Starfsmennirnir mokuðu sandi yfir eldinn og tókst að draga karið út undir bert loft. Þar náðu þeir að kæfa eldinn áður en slökkvilið bar að garði. Töluverður reykur gaus upp úr karinu en hann var staðbundinn. Slökkviliðið rannsakaði vettvanginn með tilliti til þess hvort einhvers staðar leyndist glóð eftir brunann, en svo reyndist ekki vera. **- kóp**

## ÁRÉTTING

Nokkurs misskilnings gætti í frétt Fréttablaðsins á föstudag um minnkandi lambakjötssölu. Áréttað er að sala á lambakjöti innanlands var 27,7 prósentum minni í júlí 2011 en í júlí 2010.

## LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins um íslenska steinasafnið í Gimli var sagt að Svavar Gestsson væri ræðismaður Íslands í Kanada, en hann er það ekki lengur. Atli Ásmundsson er nú ræðismaður Íslands í Kanada. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Segja sleggjudóma ríkja um innflutning

**Innflutningsaðilar saka kjúklingabændur um sleggjudóma. Sama magn vatns sé í innfluttum kjúklingi og innlendum. Neytendasamtökin vilja afnema tolla á innfluttar kjötvörur. Tilgreina þarf ef vatn í frosnu kjöti fer yfir 10 prósent.**

**NEYTENDUR** Neytendasamtökin hafa krafist þess að tollar á innfluttar kjötvörur verði afnumdir eða í það minnsta lækkaðir. Bregðast verði við fregnum af kjötskorti í landinu.

„Það er hlálegt að ráðherra beri við fæðuöryggi varðandi ákvarðanir sínar um innflutning og háa tolla á sama tíma og skortur er á kjöti í landinu. Þetta sýnir best þær ógöngur sem núverandi stefna í landbúnaðarmálum, með höftum og ofurtollum á innfluttar landbúnaðarvörur, er komin í," segir í tilkynningu á heimasíðu samtakanna.


PÁLL HILMARSSON

Hildur Traustadóttir, framkvæmdastjóri Félags kjúklingabænda, fullyrti í Fréttablaðinu á laugardag að framleiðendur önnuðu innlendri eftirspurn. Ekki hafi verið skortur á kjúklingakjöti en sala á kjöti hafi almennt minnkað undanfarið.

Páll Hilmarsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Innness, segir þetta fráleitar fullyrðingar. Minni kjötsölu megi rekja til minni almennrar neyslu í kjölfar hrunsins. Innes er með um 30 prósenta markaðshlutdeild í innfluttu kjúklingakjöti.

„Það þarf ekki að horfa lengra aftur en til ársins í ár og fyrra til að finna dæmi þess að salmónellusýking hafi valdið skorti á kjúklingakjöti. Við mótmælum því þessum fullyrðingum harðlega."


**REYKJAGARÐUR** Farga þarf 9.000 kjúklingum í Reykjagarði í þessari viku vegna salmónellusýkingar. Fyrirtækið framleiðir Holtakjúklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hildur sagði á laugardag að ef innflutningur yrði aukinn þyrftu innlendir framleiðendur að fá leyfi til að auka magn innblöndunarefna í kjúklingi og fullyrti að hér á landi mættu þau vera tíu prósent vörunnar, en 20 prósent erlendis.



Jónína Þ. Stefánsdóttir, sérfræðingur á Matvælastofnun, segir að samkvæmt reglugerð verði að taka það fram ef magn vatns í frosnu kjöti fer yfir tíu prósent og yfir fimm prósent í soðnu kjöti.

Páll segir aðeins tíu prósent vatns í bringum fyrirtækisins, líkt og sjá megi á umbúðum. Það lýsi því sleggjudómum að láta að því liggja að í innfluttum kjúklingum séu 20 prósent af vatni. Þá segir hann það þekkjast í innlendri framleiðslu að vatn fari yfir tíu prósent, innlendir kjúklingabændur hafi boðið fyrirtækinu kjúkling með 17 prósenta vatnshlutfalli.

kolbeinn@frettabladid.is


**KONA Í FORYSTU?** Skoðanakannanir gefa til kynna að Helle Thorning-Schmidt verði næsti forsætisráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningaskjálfti í Danmörku:

# Vinstri flokkar yfir í könnunum

**DANMÖRK Stjórnarandstöðuflokkarnir á danska þinginu halda forskoti sínu í skoðanakönnunum. Nýjustu tölur sýna að vinstri flokkarnir hafa tæplega 54 prósenta fylgi, sem myndi skila þeim 95 þingsætum, gegn 45,8 prósentum og 80 þingsætum hjá hægriflokkunum sem hafa stýrt landinu í tíu ár.**

**Kosið verður í haust og hafa flestar kannanir gefið til kynna að „Rauða blokkin" muni sigra og Helle Thorning-Schmidt, formaður sósíaldemókrata, muni leiða næstu ríkisstjórn. - þj**

Sýrlandsher herðir aðgerðir:

# Umsátur um tvær borgir

**SÝRLAND, AP** Sýrlenskir hermenn héldu í gær áfram umsátri sínu um borgina Latakia í Sýrlandi og höfu einnig umsátur um hverfið Houla í borginni Homs.

Umsátrið er greinilega til þess gert að halda aftur af mótmælendum, sem í nærri hálft ár hafa krafist lýðræðisumbóta og afsagnar Bashars Assad forseta. Hermennirnir skutu á fólk sem reyndi að komast út fyrir raðir hermannanna og að minnsta kosti tveir voru drepnir.

Tugir manna hafa verið skotnir í Latakia síðan á laugardag, þegar umsátrið hófst. **- gb**






## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**DÁLÍTIÐ BLAUTT**
Heldur svalara en flestir myndu kjósa næstu daga. Hiti yfirleitt á bilinu 6-13 stig. Hægur vindur A-lands í dag en 8-13 m/s vestast. Úrkoma víða, þó helst NV-til í dag en ætti að vera að mestu þurrt V-til á morgun.



Á MORGUN
víða 3-8 m/s, hvassara austast.

FIMMTUDAGUR
Víða hæg N-læg eða breytileg átt

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 22° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 27° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 21° |
| París | 26° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# NÝR SANTA FE

## DÍSIL, 197 HESTÖFL



ENNEMM / SÍA / NM47490

## Santa Fe

Fjölmargar nýjungar er að finna í nýjum Hyundai Santa Fe en þær merkustu leynast undir vélarhlífinni. Þar situr splunkuný, 197 hestafla dísilvél, sem eyðir ekki nema tæpum sjö lítrum á hverja hundrað km! Útlit bílsins hefur allt verið uppfært, en sem fyrr er Santa Fe rúmgóður og öruggur fjölskyldubíll sem þekktur er fyrir áreiðanleika og gæði. Líttu til okkar og kynntu þér glæsilegan jeppa á góðu verði.

Verð **6.890.000 kr.***

Eyðsla í langkeyrslu 6,2 l/100 km

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**

**Komdu og reynsluaktu nýjum Santa Fe í dag!**



*ix35*

ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.

**Verð 5.590.000 kr.**

Eyðsla í langkeyrslu 6,8 l/100 km

* Þar sem nýr Santa Fe fellur í lægri tollaflokk (mengar minna) en eldri gerðir er hann nú á betra verði en áður.



**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

## KJÖRKASSINN



*Telurðu að nógu langt hafi verið gengið í niðurskurði í heilbrigðiskerfinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 89,2% |
| Nei | 10,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú aðgerðir leikskólakennara í kjarabaráttu sinni?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Yfirlýsing formanns Sjálfstæðisflokksins um að hætta beri aðildarviðræðum við ESB vekur viðbrögð:

# Í anda stefnu flokksins að klára viðræður

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti því yfir á sunnudag að draga beri aðildarumsókn Íslands að ESB tafarlaust til baka. Þótt Bjarni hafi áður lýst þessari skoðun hafa orð Bjarna verið talin afdráttarlausari en fyrri yfirlýsingar hans um málið. Benedikt Jóhannesson, formaður Sjálfstæðra Evrópumanna, segir það óráð að draga umsóknina til baka.

„Almennt talað held ég að það sé heppilegt miðað við stöðuna í þjóðfélaginu að halda sem flestum leiðum opnum burtséð frá því hvaða skoðun menn hafa á þessum Evrópumálum,“ segir Benedikt og bætir við: „Ég held að það væri mjög í anda stefnu flokksins að ljúka viðræðunum og fá þann besta samning sem við getum fengið. Nú ef hann er svo ekki nógu góður þá hef ég þá trú á þjóðinni að hún sé nógu greind til að hafna honum. Ég held að það væri mjög vont að taka það af þjóðinni að taka afstöðu til samnings.“



BENEDIKT JÓHANNESSON

> Ég held að það væri mjög vont að taka það af þjóðinni að taka afstöðu til samnings.
>
> BENEDIKT JÓHANNESSON
> FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐRA EVRÓPUMANNA

Benedikt segir umræðu um efnahagsvandræði í Evrópu hafa verið áberandi að undanförnu en að þeir erfiðleikar séu ekki ástæða til að vera á móti ESB.

„Það eru auðvitað efnahagserfiðleikar víðar, til dæmis í Bandaríkjunum. En mér sem sjálfstæðismanni hefur hugnast mjög vel sú stefna ESB að vilja jöfnuð í ríkisfjármálum og það að ríki skuldi ekki of mikið. Ég held að það sé einmitt stefna sjálfstæðismanna hér á Íslandi, að það eigi að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og minnka skuldir sem allra mest,“ segir Benedikt. „Akkúrat í þessu máli held ég að stefna ESB og Sjálfstæðisflokksins fari afar vel saman,“ segir Benedikt. **- mþl**

Með hulið andlit og hamar:

## Gæsluvarðhald eftir ránstilraun

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um tvítugt var úrskurðaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í þriggja vikna síbrotagæslu á laugardaginn eftir að hann hafði gert tilraun til að ræna verslunina 10-11 í Glæsibæ.

Maðurinn kom inn í verslunina aðfaranótt laugardagsins. Hann hafði þá hulið andlit sitt og var vopnaður hamri. Áður en hann lét til skarar skríða kom hann auga á öryggisvörð og yfirgaf þá verslunina. Öryggisvörðurinn gerði lögreglu þegar viðvart og kom hún skömmu síðar á vettvang og handtók manninn.

Hann var úrskurðaður í gæslu vegna þjófnaðarmála á hendur honum. **- jss**

**BRUNI**

### Eldur út frá eldavél

Eldur kom upp í eldhúsi í íbúðarhúsi á sveitabæ í Austur-Landeyjum fyrir helgina. Heimafólki tókst að ráða niðurlögum hans. Talið er hugsanlegt að kviknað hafi í út frá eldavél.

**LÖGREGLUMÁL**

### Slasaðist á torfæruhjóli

Ökumaður torfæruhjóls slasaðist á baki og viðbeinsbrotnaði þegar hann lenti á grjóti á vegarslóða sem liggur með Suðurlandsvegi við Laufskálavörðu síðasta föstudag.

### Tuttugu í vímu undir stýri

Tólf ökumenn voru teknir um helgina á höfuðborgarsvæðinu fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna og átta fyrir ölvunarakstur. Tíu af ökumönnunum höfðu áður verið sviptir ökuleyfi og einn aldrei fengið ökuréttindi.

# Geimjeppi NASA leitar vatns í risagíg á Mars

**Geimjeppinn Opportunity er kominn að barmi Endeavour-gígsins á Mars. NASA vonast til að finna merki um að vatn hafi verið að finna á plánetunni rauðu. Gæti gefið vísbendingar um að hugsanlega hafi líf eitt sinn þrifist þar.**

**VÍSINDI** Eftir nærri þriggja ára ferðalag er geimjeppinn Opportunity loks kominn að barmi gígsins Endeavour á reikistjörnunni Mars. Þar vonast vísindamenn Geimferðastofnunar Bandaríkjanna, NASA, til þess að finna sönnun þess að vatn í vökvaformi hafi eitt sinn runnið á yfirborði plánetunnar og geri jafnvel enn í dag. Það yrði svo frekari vísbending um að líf hafi þrifist þar í einhverri mynd.

Ástæða þess að gígar eru svo merkilegir í augum vísindamanna er sú að í þeim og við þá er að finna eldra grjót sem er komið upp á yfirborðið úr neðri jarðlögum.

Opportunity lenti á Mars ásamt systurfari sínu Spirit árið 2004 í þeim tilgangi að leita að jarðfræðilegum sönnunum þess að vatn hafi eitt sinn verið að finna þar. Upphaflega áttu jepparnir, sem lentu hvor á sínum stað á plánetunni og knúnir sólarljósi, einungis að vera starfandi í um þrjá mánuði, en Opportunity gengur enn og Spirit hvarf NASA sjónum á síðasta ári.

Síðasta stóra verkefni Opportunity var við Viktoríu-gíginn á árunum 2006 til 2008, en ferðin þaðan, sem er aðeins um 20 kílómetrar, hefur tekið rétt tæp þrjú ár með tveimur útúrdúrum við gígana Conception og Santa Maria.

Hámarkshraði Opportunity er um 4,3 kílómetrar á sólarhring, en á átta árum hefur hann ferðast um 33,5 kílómetra.

Opportunity hefur skilað sínu og rúmlega það, en nú er arftakinn væntanlegur.

Nýjum geimjeppa, sem fengið hefur nafnið Curiosity, verður skotið á loft frá Canaveral-höfða síðla á þessu ári og mun lenda á Mars í ágúst á næsta ári.

### Könnunarjeppi NASA kemur að risagíg á Mars




Heimild: NASA ©Graphic News

Curiosity er á stærð við fólksbíl og því um tvöfalt lengri og um fimm sinnum þyngri en nokkurt álíka tæki sem NASA hefur áður sent til sambærilegra verka.

Á vef NASA segir að Curiosity muni ekki einungis skila ómetanlegum vísindalegum upplýsingum, heldur sé einnig um að ræða „undanfara fyrir ferðir manna til plánetunnar rauðu“.

**thorgils@frettabladid.is**





TÆKIFÆRI Í FERÐAÞJÓNUSTU:

**Hreindýraveiði á Grænlandi**

Veiðiréttur til 10 ára
í boði fyrir félag í veiðitengdri ferðaþjónustu

Caribou Greenland A/S er félag á gömlum grunni, en með nýjum fjárfestum, sem hefur umráð yfir 150.000 hektara (1.500 ferkílómetra) jarðnæði syðst á Grænlandi. Á svæðinu er m.a. hreindýrastofn á stærð við þann íslenska og margar góðar ár, fullar af bleikju.

Félagið hefur falið KONTAKT að finna öflugan aðila sem hefur áhuga, vit og fjárhagslega burði til að byggja upp veiðitengda ferðaþjónustu á svæðinu við hlið hreindýrabúskapar sem Caribou Greenland mun stunda. Áhugasamir hafi samband við Jens Ingólfsson eða Gunnar Svavarsson fyrir 26. ágúst í síma 414 1200.

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30, 4. hæð • Sími: 414 1200
Netfang: kontakt@kontakt.is • www.kontakt.is
globalM&A Iceland


Mannskæðar sprengjuárásir samtímis í fjölmörgum borgum og bæjum Íraks:

# Tugir manna liggja í valnum

**ÍRAK, AP** Tugir manna féllu þegar sprengjuárásir voru gerðar í fjölda borga og bæja í Írak í gærmorgun. Þetta eru verstu árásir í landinu það sem af er þessu ári.

Árásarmennirnir notuðu ýmsar aðferðir. Meðal annars var sprengjum komið fyrir í kyrrstæðum bifreiðum eða við vegkantinn og einn sjálfsvígsárásarmaður ók bifreið inn í lögreglustöð. Sums staðar höfðu sprengjurnar verið festar við ljósastaura.

Árásirnar í gær þykja sýna að herskáir hópar, líklega tengdir Al Kaída, ætli sér ótrauðir að halda áfram ógnarverkum sínum þrátt fyrir áralanga baráttu bæði Bandaríkjamanna og herliðs heimamanna gegn þeim.

Íbúar í grennd við árásirnar voru sumir hverjir ævareiðir íröskum stjórnvöldum og beindu spjótum sínum ekki síst að Al Maliki forsætisráðherra.

„Hvar eru stjórnvöldin nú þegar allar þessar sprengjur springa í landinu? Hvar er Al Maliki? Hvers vegna kemur hann ekki að skoða þetta?“ spurði Ali Jumaa Ziad, verslunareigandi í Kut, bænum þar sem flestir féllu.



**Á SJÚKRAHÚSI** Særðir lögreglumenn bíða læknisþjónustu á sjúkrahúsi í Najaf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjaher áformar að fara frá Írak um næstu áramót, en fyrir skömmu skýrðu írösk stjórnvöld frá því að þau geti fallist á að fámennur hópur bandarískra hermanna verði áfram í landinu eftir áramótin. **- gb**



**VW Passat** Comfort 1.8T
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 11.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**4.490.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Skoda Roomster**
Árgerð 2007, bensín,
Ekinn 61.000 km, beinsk.

Ásett: 1.750.000
Tilboðsverð
**1.590.000,-**



**Mercedes-Benz**
Árgerð 2002, bensín, ML500
Ekinn 102.000 km, sjálfsk.

Ásett: 2.850.000
Tilboðsverð
**2.290.000,-**



**MM Pajero GLX**
Árgerð 2003, dísel
Ekinn 179.000 km, sjálfsk.

Ásett: 2.290.000
Tilboðsverð
**1.990.000,-**



**Subaru Legacy**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfsk.

Ásett: 2.970.000
Tilboðsverð
**2.390.000,-**



**MM Lancer** Intense
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 44.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.840.000,-**



**VW Touareg** R5 TDi
Árgerð 2004, dísel
Ekinn 128.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**4.190.000,-**



**Ford Escape**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 125.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**1.590.000,-**



**Toyota** Corolla Sol
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 76.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**1.690.000,-**



**Nissan X-Trail**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 95.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.250.000,-**



**Skoda Octavia** TDi
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 88.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.490.000,-**



**VW Passat** Highline
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.260.000,-**



**Toyota RAV4**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 104.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**1.990.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvað heitir ríkisstjóri Texas sem hefur gefið kost á sér sem forsetaframbjóðandi repúblikana í Bandaríkjunum?*

*2 Í hvaða hóteli í miðborginni kviknaði eldur aðfaranótt sunnudags?*

*3 Hver verður um næstu helgi fyrstur Íslendinga til að leika á móti á PGA-mótaröðinni í golfi?*

**SVÖR:**

*1. Rick Perry 2. Hótel Plaza 3. Ólafur Björn Loftsson*

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segir landlæga leti, ábyrgðarleysi og eigingirni rót óeirðanna:

# Þarf að sigrast á félagslegum vandamálum

**BRETLAND, AP** „Þetta hefur orðið til þess að vekja okkur upp hér í landi. Félagsleg vandamál sem hafa grafið um sig áratugum saman hafa nú sprungið framan í okkur,“ sagði David Cameron, forsætisráðherra Bretlands og leiðtogi Íhaldsflokksins.

Hann segir Breta verða að takast á við þá landlægu leti, ábyrgðarleysi og eigingirni sem hann segir rótina að fjögurra daga óeirðum í síðustu viku. „Rétt eins og fólk vildi í síðustu viku taka hart á glæpamönnum á götunum, þá þurfum við nú að takast á við þessi félagslegu vandamál og sigrast á þeim.“

Cameron neitar því hins vegar að fátækt, kynþáttaspenna og harðar aðhaldsaðgerðir stjórnvalda hafi átt stóran hlut að máli. Þess í stað benti hann á glæpagengi og það sem hann kallaði hið örláta velferðarkerfi Bretlands.

„Föðurlaus börn. Agalausir skólar. Afrakstur án erfiðis. Glæpir án refsingar. Réttindi án ábyrgðar. Samfélög án aðhalds. Sumar verstu hliðar mannlegrar náttúru eru látnar átölulausar, og jafnvel ýtt undir þær, af ríkinu og stofnunum þess sem að hluta eru bókstaflega orðnar siðlausar,“ sagði hann.

Ed Miliband, leiðtogi Verkamannaflokksins og þar með stjórnarandstöðunnar, segir Cameron þarna einfalda málin um of. Hann vill að stjórnvöld einbeiti sér að því að útvega óánægðum ungmennum tækifæri í lífinu. **- gb**



**ÓEIRÐIR** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segir að draga þurfi lærdóm af óeirðunum, sem kostuðu fimm manns lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






# Milljóna bótakrafa á fangelsisstjórann

**Ríkislögmaður hefur lagt fram bótakröfu upp á um tvær milljónir króna í máli fyrrverandi forstöðumanns Kvíabryggju. Forstöðumaðurinn hefur fengið samtals um 2.5 milljónir í laun frá því að honum var vikið tímabundið úr starfi.**

**LÖGREGLUMÁL** Mál Geirmundar Vilhjálmssonar, fyrrverandi forstöðumanns fangelsisins á Kvíabryggju, var sent til ríkissaksóknara fyrir helgi. Ríkislögmaður hefur lagt fram bótakröfu í málinu á hendur honum. Hún nemur um það bil tveimur milljónum króna, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Krafan er tilkomin vegna tjóns sem talið er ljóst að ríkissjóður hafi orðið fyrir.

Þann 26. nóvember á síðasta ári var forstöðumanninum var veitt tímabundin lausn vegna gruns um tugi auðgunarbrota í starfi.

Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hefur hann helming fullra launa meðan staðan er með þeim hætti eða 270 þúsund krónur á mánuði. Hann hefur því fengið samtals um 2,5 milljónir í laun frá því að hann var leystur frá störfum.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór með rannsókn málsins, þar sem grunur lék á að fangelsisstjórinn fyrrverandi hefði dregið sér fjármuni eða verðmæti í eigu fangelsisins.

Við rannsókn málsins leitaði lögregla á heimili Geirmundar og í sumarhúsi í eigu föður hans. Við leitina lagði hún hald á ýmsa muni sem taldir eru í eigu fangelsisins, þar á meðal ýmis verkfæri, varahluti í bifreiðar og hjólbarða.

Fangelsismálastofnun hafði áður en til rannsóknarinnar kom gert skriflega athugasemd við Geirmund vegna mikilla innkaupa fangelsisins frá fyrirtækinu N1. Samkvæmt söluyfirliti frá N1 höfðu seldar vörur frá fyrirtækinu farið úr ríflega 1,4 milljónum vegna ársins 2009 í rúmlega 3,5 milljónir fyrstu tíu mánuði árs 2010.

Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við innkaup til fangelsisins að upphæð 1,7 milljónir króna á tíu mánaða tímabili 2010, þar sem hið keypta fannst ekki í fangelsinu, tengdist ekki starfsemi þess eða bókhaldsgögn fundust ekki fyrir.

Gögn sem lögð hafa verið fram sýna að fimmtíu til sextíu sinnum í mánuði voru gerð smávægileg innkaup fyrir fangelsið í matvöruversluninni Samkaupum í Grundarfirði, þrátt fyrir fyrirmæli um hagkvæm innkaup frá birgjum eða lágvöruverðsverslunum.

Stór hluti innkaupanna reyndist munaðarvara sem ekki var á boðstólum í fangelsum ríkisins, svo sem kjúklingalundir, regnbogasilungur, sælgæti, gosdrykkir og fleira.

Geirmundur og eiginkona hans stunduðu innkaupin að mestu. Í sumum tilvikum kvittuðu fangar fyrir móttöku á vörum, en fangelsisstjórinn samþykkti reikningana í öllum tilvikum. **jss@frettabladid.is**



**KVÍABRYGGJA** Mál forstöðumannsins fyrrverandi var sent til embættis ríkissaksóknara fyrir helgina.

**Á hálfum launum**

Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir: „Meðan lausn um stundarsakir stendur nýtur embættismaður helmings af föstum launum sem embætti hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum er hann fær.“






1400 SNÚNINGA

HRAÐ-VAL

## Electrolux

**EWF-146310W Þvottavél**

**Mest selda þvottavélin okkar.** Ótrúlega **lág bilanatíðni**. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Býður uppá sveigjanlegan þvottatíma.

- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og **handþvottakerfi**
- **Seinkun** á gangsetningu 0-23 klst.
- **Tímaskjár**
- Ofnæmisskolun möguleg
- **A+/A/B einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- Verð áður kr **124.900**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**99.900**
SPARAÐU 25.000



1200 SNÚNINGA

HRAÐ-VAL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**69.900**
SPARAÐU 40.000

## exquisit

**WA-6312 Þvottavél**

Glæsileg ný þvottavél þar sem þú getur valið á milli margra sniðugra kerfa á borð við ullar, silki- og handþvottakerfi

- Skjár sem sýnir tímalengd þvottakerfis
- Tekur allt að 6 kg af taui
- Hægt að láta vélina ræsa sig eftir 0-19 klst.
- Stillanlegur vinduhraði og hitastig
- Barnalæsing og ofnæmisskolun möguleg
- Stór og aðgengileg hurð
- Hægt að velja mismunandi vatnsnotkun
- Verð áður kr **109.900**



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**119.900**
SPARAÐU 40.000

AAA EINKUNN

HLJÓÐLÁT 45 dB

HRAÐ-VAL

## AEG

**F-50870U uppþvottavél**

Ofurhljóðlát og afar vel búin uppþvottavél með sjálfvirku aðalkerfi sem stýrir tíma, vatnsnotkun og hitastigi sjálfkrafa

- **5 þvottakerfi** þ.á.m. pottakerfi, **sjálfvirkt kerfi** 45-70°C og 30 mín. 60°C hraðkerfi ásamt skolun
- **Sveigjanleg innrétting** sem hentar öllu uppvaski með niðurfellanlegum diska-stoðum fyrir stóra hluti s.s. potta og skálar.
- Seinkun á gangsetningu möguleg 0-19 klst.
- **A/A/A toppeinkunn** fyrir orkunýtni, þvotta-gæði og þurrkun. Ath. án toppplötu.
- Verð áður kr **159.900**



AAA EINKUNN

HLJÓÐLÁT 49 dB

HRAÐ-VAL

**AÐEINS 45 CM**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**69.900**
SPARAÐU 10.000

## exquisit

**GSP-909EAL Uppþvottavél**

45 cm breið uppþvottavél frá Exquisit í Þýskalandi með góðri innréttingu

- **5 þvottakerfi** þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- Framstillt ræsing möguleg
- AquaStop vatnslekavörn
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- **Með toppplötu.** Til innbyggingar eða frístandandi
- Verð áður kr **89.900**

## ZANUSSI

**ZRB-634FX Kæli- og frystiskápur**

Kæli- og frystiskápur með vandaðri innréttingu

- 226 lítra kælir og 96 lítra frystir (nettó)
- Fingrafarafríar flott bogadregnar stálhurðir
- HxBxD 175x59,5x60 cm
- Verð áður kr **129.900**

175 CM HÁR

XXL AÐ INNAN

FINGRA-FÖR



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**119.900**
SPARAÐU 10.000



85 CM HÁR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**39.900**
SPARAÐU 15.000

## exquisit

**GS-111 Frystiskápur**

64 lítra frystiskápur í borðhæð með 3 skúffum

- Orkuflokkur A+
- Hitastillir
- HxBxD 85x48x50 cm
- Verð áður kr 54.900

# VERÐVAKT RAFHA

%
**VERÐVAKTIN**
Við fylgjumst grannt með keppi-nautum okkar og höfum lækkað verðið!



- Fríhangandi háfar
- Háfar á vegg
- Viftur

**30-50%**
**AFSLÁTTUR AF VIFTUM OG HÁFUM**

# 20 TÆKI Á
# 2.990 pr. stk



Handþeytari 250W
Verð áður kr 4.490

Samlokugrill
Verð áður kr 4.990

Hraðsuðukanna
1,7 lítra 2000W
Verð áður kr 4.990

Lítil matvinnsluvél hakkar, sker og maukar
Verð áður kr 4.990

Eldhúsvog digital
Verð áður kr 4.990

**Einnig:**
kaffivél • brauðrist • töfrasproti • dósaopnari • safapressa
rafmagnshnífur • eggjasjóðari • hárblásari • hárklippisett
sléttujárn • baðvog • handryksuga • hitablásari • gufustraujárn



1800W MÓTOR

HEPA SÍA

## Electrolux

**ZP-3520 Ryksuga**

Létt og kraftmikil ryksuga með 1800W með gúmmíhjólum

- HEPA óragnasía
- Vinnuradíus 9 metrar
- Verð áður kr **19.900**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**14.925**
25% AFSLÁTTUR

**Aurora ryksugupokar flestar gerðir**

Vandaðir ryksugupokar sem passa í nær allar gerðir af nýlegum ryksugum. Mundu eftir að koma með týpu og gerð.

Miele Electrolux AEG Nilfisk SIEMENS PHILIPS BOSCH



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**2.990**
SPARAÐU 1.000

2x5 POKAR

# Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
Lokað laugardaga
í ágúst

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is




**FRÉTTASKÝRING:** Hálf öld frá því að Berlínarmúrinn reis

# Aldrei verði annar Berlínarmúr

**„Það er sameiginleg ábyrgð okkar allra að halda minningunni á lofti fyrir komandi kynslóðir, til áminningar um að berjast fyrir frelsi og lýðræði, svo að slíkt óréttlæti muni aldrei endurtaka sig.“**

Þetta sagði Klaus Wowereit, borgarstjóri Berlínar, þegar þess var minnst um helgina að hálf öld er síðan hafist var handa við að reisa múrinn, sem rak flein milli Vestur- og Austur-Berlínar. Hann stóð í 28 ár og var táknmynd fyrir Járntjaldið sem lá milli vesturveldanna og austurblokkarinnar.

Borginni var skipt upp eftir að seinni heimsstyrjöldinni lauk, þar sem Sovétríkin héldu austurhlutanum, eins og öllum austurhluta Þýskalands, en vesturveldin réðu vesturhlutanum.

### Stöðugur straumur vestur

Það var svo aðfaranótt hins 13. ágúst árið 1961 sem austur-þýskir hermenn hófu að girða vesturhlutann af, enda hafði stöðugur straumur fólks legið í vesturátt á meðan engar hömlur ríktu á fólksflutningum. Alls er talið að um tvær milljónir manna hafi flúið til vesturs frá því að ríkin tvö voru formlega stofnuð árið 1949, fram að því að múrinn var reistur 1961. Það jafngilti um tíu prósentum af heildarfólksfjölda A-Þýskalands og fimmtán prósentum af vinnuafli.

Í júlí 1961, rétt áður en múrinn fór upp, var talið að um 1.000 manns færu vestur á hverjum degi. Múrinn var efldur jafnt og þétt eftir því sem árin liðu þar sem steypuveggur og gríðarþétt eftirlitskerfi komu í stað gaddavírsgirðingar, og landamæraverðir höfðu óskorað leyfi til að skjóta á þá sem reyndu að flýja yfir. 136 manns hið minnsta létu þannig lífið á árum aðskilnaðar, sennilega enn fleiri.

Það var svo kvöldið örlagaríka hinn 9. ágúst 1989 sem Berlínarmúrinn féll. Frelsisalda hafði flætt yfir Austur-Evrópu þar sem kommúnistastjórnir féllu hverjar á fætur annarri og Austur-Þýskaland var engin undantekning. Þá þegar hafði borgarmúr opnast leið til vesturs í gegnum opin landamæri Ungverjalands, en fjöldamótmæli í Berlín urðu til þess að stjórnvöld þar gáfust upp og hleyptu skaranum í gegn.

**136** hið minnsta voru drepin á flótta yfir Berlínarmúrinn á árunum 1961 til 1989.

### Sovétmenn fyrst efins

Jafnan hefur verið talið að Sovétmenn hafi haft mikið um það að segja að múrinn var reistur á sínum tíma, en þó hefur komið í ljós á síðari árum að stjórnvöld í A-Þýskalandi, undir stjórn Walters Ulbricht, voru áfjáð í að reisa múrinn en Sovétmönnum fannst það lengi vera óráð.

Eftir að Nikíta Krúsjoff, leiðtogi Sovétríkjanna, féllst loks á ráðagerðina árið 1961 lögðust ríkin þó á eitt við að reisa múrinn.



**MINNAST MÚRSINS** Angela Merkel kanslari leggur hér blómsveig, ásamt forseta Þýskalands, borgarstjóra Berlínar og fleiri, á minnismerki um Berlínarmúrinn. Á laugardaginn voru fimmtíu ár liðin frá því að framkvæmdir hófust við byggingu Berlínarmúrsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Mikil áhrif á Merkel

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, var ung stúlka búsett í austurhlutanum þegar múrinn var reistur. Fyrir athöfnina á laugardag rifjaði hún upp reynslu sína.

„Ég var sjö ára gömul þegar ég fór með ömmu minni milli borgarhluta og mér þótti það óhugsandi að borginni væri skipt upp með þessum hætti. Eftir það gat ég ekki heimsótt ömmu mína í Hamborg eða frænkur mínar og frændur. Það hafði auðvitað mikil áhrif á líf mitt,“ sagði Merkel

Í dag standa einungis eftir örfáar steinsteyptar einingar úr Múrnum. Þær hafa fengið nýtt hlutverk og minna fólk nú á fyrri tíð þegar frelsi og mannréttindi voru ekki eins sjálfsögð og þau þykja í dag.



**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is

## Berlínarmúrsins minnst 50 árum síðar

**Berlínarmúrinn var reistur í skjóli nætur hinn 13. ágúst árið 1961 að fyrirmælum Walters Ulbricht, leiðtoga Austur-Þýskalands, og hindraði fólk í 28 ár í því að flýja yfir til vesturhluta borgarinnar. Veggurinn varð eins konar táknmynd fyrir járntjaldið sem skildi milli austurs og vesturs í kalda stríðinu, þar til hann var rifinn að kvöldi 9. nóvember árið 1989.**

### Lykilatburðir 1945-89

**1945** maí — Seinni heimsstyrjöldinni lýkur. Berlín er skipt milli Sovétríkjanna og vesturveldanna.

**1948-1949** — Hersveitir Sovétmanna loka Vestur-Berlín af, en Bandamenn koma á loftbrú til að flytja þangað vistir í 15 mánuði.

**1949** — Sambandslýðveldið Þýskaland og Þýska alþýðulýðveldið stofnuð.



**1953** — Uppreisn gegn bágum aðstæðum verkafólks í Austur-Berlín barin niður af Rauða hernum.



**1961** — Hermenn hefja byggingu Berlínarmúrsins til að loka á milli vestur- og austurhluta borgarinnar.

**1963** — John F. Kennedy Bandaríkjaforseti skoðar múrinn og lýsir sig Berlínarbúa.

**1973** — Formleg stjórnmálasamskipti hefjast milli Austur- og Vestur-Þýskalands.

**1987** — Ronald Reagan, Bandaríkjaforseti sækir Berlín heim og hvetur Mikhaíl Gorbatsjeff, leiðtoga Sovétríkjanna, til að rífa niður múrinn.

**1989** sept. — Ungverjar opna landamæri sín við Austurríki og þúsundir Austur-Þjóðverja flýja til vesturs.

4. nóv. — Ein milljón manna sækir mótmælafund í austurhlutanum þar sem lýðræðis er krafist. Stjórnin í Austur-Þýskalandi fer frá þremur dögum síðar.



9. nóv. — Þúsundir Austur-Þjóðverja fara að landamærastöðvum og krefjast þess að fá að fara í gegn. Landamæraverðir stíga til hliðar, skörð eru höggvin í múrinn og hann er svo rifinn niður af fagnandi mannfjöldanum.

### Uppbygging múrsins

Fyrst um sinn léttar girðingar með gaddavír. Með árunum breyttist hann og varð röð veggja, styrktra girðinga og varðturna.




Heimildir: The Berlin Wall and the Intra-German Border eftir Gordon L. Rottman og Chris Taylor. Ljósmyndir: Getty og AP. ©GRAPHIC NEWS

### Berlín 1961-1989




### Mannfall

Á meðan Berlínarmúrinn stóð er talið að um fimm þúsund manns hafi tekist að flýja yfir til Vestur-Berlínar.

**Á bilinu 100 til 200 Austur-Þjóðverjar eru taldir hafa látist við að reyna að flýja yfir múrinn.**



Peter Fechter var 17 ára gamall þegar hann skotinn til bana hinn 17. ágúst 1962, á flótta yfir til Vestur-Berlínar..

KÆRI LYKILHAFI.

# HVERNIG VÆRI AÐ HALDA ATLANTSOLÍUDAGINN

HÁTÍÐLEGAN OG FÁ SÉR ÆRLEGA Á TANKINN Í DAG?

Í DAG VEITIR DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU

## 5 KRÓNA AFSLÁTT

AF LISTAVERÐI FRAM TIL MIÐNÆTTIS.

AUKAAFSLÁTTUR DAGSINS BÆTIST EKKI OFAN Á ÖNNUR AFSLÁTTARKJÖR.



SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

MÁLNINGARVÖRUR · kemi · AB-ÞRIF · GÚMMÍVINNSLAN · Aðalskoðun · TE & KAFFI

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 53527 08/11

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Góður árangur í sorpmálum á Akureyri:

## Tekið til í ruslinu

Sorp er sannarlega ein af umhverfisógnum þróaðra samfélaga. Á þeim áratugum sem liðnir eru síðan menn gerðu sér grein fyrir þessu hefur sem betur fer víða tekist að stemma stigu við og jafnvel snúa við hraðri aukningu sem orðið hefur í magni sorps sem kemur frá nútímaheimilum.

Hér á landi erum við í þessum efnum sem svo mörgum öðrum eftirbátar flestra Evrópulanda. Undanfarin ár hefur þó átt sér stað mikil umbreyting til hins betra í sorpmálum hér á landi og sums staðar enn meiri en annars staðar.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Það er hægt að minnka sorp bæði fyrir og eftir ef svo má segja. Annars vegar með því að draga úr því sorpi sem leggst til á hverju heimili til dæmis með því að draga úr notkun á einnota varningi ýmsum og huga að hlutfalli umbúða í innkaupakörfunni. Hins vegar má minnka sorp með því að flokka úrganginn með það fyrir augum að sem stærstur hluti hans sé endurunninn. Best er auðvitað að vera meðvitaður á báðum sviðum.

Samstillt átak sveitarfélaga og almennra borgara þarf til að árangur geti náðst við að auka hlut endurvinnslu úrgangs og draga um leið úr hlut óflokkaðs sorps. Það er alltaf heldur meira fyrir því haft að flokka sorp til endurvinnslu en að henda bara öllu í sama pokann en þarna getur þjónusta sveitarfélagsins skipt sköpum. Það er mun líklegra að hægt sé að virkja fólk til sorpflokkunar þar sem því býðst að henda flokkuðu sorpi beint í tunnu við heimili sín heldur en þar sem þarf að fara með allt flokkað sorp í endurvinnslustöð.

Í mörgum sveitarfélögum bjóðast íbúum sérstakar endurvinnslutunnur þar sem henda má ýmis konar endurvinnanlegum úrgangi. Misjafnt er hvort þessar tunnur eru valkostur sem neytendur greiða þá sérstaklega fyrir eða hvort þær eru einfaldlega hluti af sorphirðukerfi staðarins. Það gefur augaleið að líklegra er að ná árangri í endurvinnslu þar sem seinni kosturinn hefur verið valinn.

Um þetta vitnar eftirtektarverður árangur Akureyrarbæjar sem greint var frá hér í Fréttablaðinu í gær. Á einu ári hefur óflokkað heimilissorp minnkað um helming á Akureyri eftir að flokkunartunnum var komið á hvert heimili í bænum, auk þess sem endurvinnslustöðvar voru bættar. Fyrir þennan árangur ber ekki eingöngu að þakka framsýnum stjórnvöldum Akureyrarbæjar árangurinn heldur ekki síður fólkinu sem þar býr og leggur á sig eilítið meiri vinnu í þágu umhverfisins.

Ávinningurinn er tvíþættur því minna óflokkað sorp þýðir ekki aðeins minni mengun heldur einnig verðmætasköpun með því að það sem áður var fleygt er nýtt að nýju eða úr því er unnið hráefni sem að öðrum kosti þyrfti að vinna frá grunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flokkur heimtur úr helju

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, tvílýsti því yfir á sunnudag að tafarlaust bæri að draga umsókn Íslands um aðild að ESB til baka. Var víða látið eins og um tímamótayfirlýsingu væri að ræða en einna lengst gekk Styrmir Gunnarsson, fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins, sem skrifaði pistil á Evrópuvaktina sem lýkur á orðunum: „Mörgum Sjálfstæðismönnum er þannig innanbrjósts eftir þessa yfirlýsingu formanns flokksins, að þeir hafi endurheimt sinn gamla flokk aftur.“



### Tímamótayfirlýsing?

En markar þessi yfirlýsing í raun tímamót? Þótt Bjarni hafi eitt sinn lýst því yfir að få ætti niðurstöðu í þetta mál meðal þjóðarinnar hefur hann síðustu misseri áður lýst þessari skoðun sinni. Þannig lýsti hann því yfir í setningarræðu á landsfundi flokksins í fyrra að hann vildi leggja aðildarumsóknina til hliðar. Þá sagðist hann aðspurður styðja þingsályktunartillögu um að umsóknin yrði dregin til baka í júní 2010. Því hafa varla orðið nein vatnaskil um helgina, er það?

### Ólögleg fíkniefni

Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ, skrifaði áhugaverðan pistil á vefsíðu samtakanna á sunnudag. Í pistlinum gagnrýnir hann málflutning kráareigenda en öllu meiri athygli vöktu orð hans um ólögleg fíkniefni. Í pistlinum skrifar Gunnar Smári: „Flestir hafa áttað sig á að glæpavæðing fíkniefnasölunnar kallaði óþarfar hörmungar yfir vímuefnasjúklinga og samfélagið í heild.“ SÁÁ hafa löngum talað fyrir því að aðgengi að vímuefnum sé takmarkað. Þessi orð verða hins vegar vart skilin öðruvísi en að formaður SÁÁ telji ýmislegt mæla með lögleiðingu fíkniefna. Það sætir nokkrum tíðindum.



magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Stefnumótandi biskupskosningar

Biskupskosningar



Arnfríður Guðmundsdóttir

prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ og formaður Félags prestsvígðra kvenna

Kirkjan okkar stendur á krossgötum. Á næstunni þarf að taka stórar ákvarðanir sem koma til með að ráða stefnu hennar til framtíðar. Unnið er að endurskoðun á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þá þarf að eiga sér stað upplýst umræða á meðal þjóðarinnar um stöðu þjóðkirkjunnar í samfélaginu.

Nú stendur yfir kosning vígslubiskups í Skálholti. Fjórir prestar voru tilnefndir í stöðuna, tvær konur og tveir karlar. Í síðari umferð er kosið á milli tveggja kandidata, konu og karls.

Þetta er í fyrsta skipti sem kona nær svona langt í biskupskosningum hér á landi og á raunhæfan möguleika á að verða biskup þjóðkirkjunnar.

Það liggur fyrir að velja á milli tveggja mjög hæfra einstaklinga. Bæði hafa getið sér gott orð í störfum sínum og eru flottir fulltrúar kirkjunnar okkar, jafnt innan kirkju sem á vettvangi samfélagsins. En kosning í stöðu Skálholtsbiskups snýst ekki aðeins um persónur. Hún snýst líka um prinsip og um stefnumótun í starfi kirkjunnar.

> Þessvegna látum við ekki nægja að kona komist næstum því í Skálholt.

Fyrir tæpum tólf árum tók Jafnréttisáætlun kirkjunnar gildi. Þá sat aðeins ein kona á Kirkjuþingi. Nú eru 11 konur af 29 fulltrúum. Enn er talsvert í land með að fullu jafnvægi sé náð á milli kynjanna, á Kirkjuþingi sem og annars staðar á starfsvettvangi kirkjunnar. Karlar eru meirihluti starfandi presta og prófasta. Allir biskupar þjóðkirkjunnar eru karlar.

Nú stöndum við frammi fyrir því að ákveða hvort einn af þremur biskupum verði kona. Ef kona verður á næstu vikum kjörin til embættis vígslubiskups í Skálholtsbiskupsdæmi er það í fullu samræmi við Jafnréttisstefnu kirkjunnar og mikilvægt skref í átt að því að jafna hlut kvenna og karla í ábyrgðarstöðum á starfsvettvangi kirkjunnar.

Þjóðkirkjan hefur markað sér þá stefnu að jafna hlut kvenna og karla. Það er eðlilegt að kirkjan sé í fararbroddi þegar kemur að jafnréttismálum í íslensku samfélagi.

Þessvegna látum við ekki nægja að kona komist næstum því í Skálholt.

Við skulum kjósa konu í Skálholt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sumargleði og vetrarþankar

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Undurfagra ævintýr, ágústnóttin hljóð. Þetta lag og ljóð þeirra Árna úr Eyjum og Oddgeirs Kristjánssonar sveimar meira og minna um vitundina þegar líða fer á ágúst ár hvert: „Hjá þér ljómar ljúf og hýr, lífsins töfraglóð.“

Á góðum sumrum finnst manni mánuðirnir júní og júlí á Íslandi með sólskinsdaga og bjartar nætur engu líkir og nýtur þeirra út í ystu æsar. Ágúst er oft heitari og það er alltaf einhver dulúð í loftinu í þeim mánuði, þegar byrjar að skyggja. Það er að minnsta kosti mín upplifun. Mér finnst þetta sumar hafa verið sérstaklega gott hér á landi á margan hátt. Bæði vorgleðin og allar hátíðir og uppákomur víða um land hafa verið vel sóttar og manni finnst fólk almennt rólegra og glaðara en meðan sveiflan á þjóðinni var sem mest. Það er eins og fólk sé komið niður á jörðina, lifi meira í augnablikinu en oft áður og njóti menningarviðburða og útivistar af lífi og sál.

Tónlistarhúsið Harpan hefur kveikt í okkur og við treystum því að hún verði bæði íslenskum og erlendum listamönnum innblástur. Og í haust verður Ísland heiðursgestur á Bókastefnunni í Frankfurt. Verkefnisstjóri er Halldór Guðmundsson, og nú þegar er ljóst, að auk þess að vera mikill heiður verður þessi bókastefna mikil lyftistöng fyrir íslenskar bókmenntir og Ísland yfirleitt.

Þetta verður því greinilega eftirminnilegt og gott ár að mörgu leyti – en ekki öllu ef fram fer sem horfir.

### Traust vantar

Þegar haustar, skólarnir byrja og Alþingi kemur saman tekur alvaran við.

Hún hefur svo sem hvorki verið í fríi eða dái, en sumargleðin hefur dregið úr henni. Það er býsna margt sem vantar upp á að landsmálin séu ásættanleg:

Atvinnuleysi, gjaldeyrisskortur, læknaskortur, lamað athafnalíf og margt fleira. En það sem dregur úr vonum um batnandi tíð er vaxandi skortur á trausti í samfélaginu. Traust á stjórnmálamönnum og stjórnmálum er ekki upp á marga fiska. Og þeir sem lenda í hópuppsögnum eru ekki endilega aðdáendur atvinnurekenda, þó að þeir viti og skilji að uppsögnin var ekki höfnun, heldur neyðarúrræði. Traust vantar á öllum sviðum.

Þegar fyrirheit ríkisstjórnar reynast marklaus, er ekki tekið mark á öðru sem að er stefnt. Rétt eins og börn sem eru að vaxa og þroskast þurfa foreldra sem eru sjálfum sér samkvæmir og traustir, þarf almenningur leiðtoga sem skapar öryggistilfinningu, af því að honum er treyst. Ef foreldrar segja ítrekað eitthvað við börn sín en gera allt annað, leiðir það ekki endilega til þess að börnunum þyki ekki jafn vænt um foreldrana og áður. En þeir taka ekki mark á því sem þeir segja. Treysta þeim ekki.

> Við ættum því að reyna að stilla kompásinn á samstöðu. Hvar sem er. Þeir sem óska eftir trausti almennings verða að vera trausts verðir.

Traust er undirstöðuatriði í viðskiptum og öllum samskiptum. Líka í stjórnmálum. Fyrirtæki fá gjarnan fagmenn til aðstoðar við kynningu á þjónustu og vörum. Fagmaður sem ég þekki segir mér að hann ráðleggi jafnan heiðarleika og traust í viðskiptum. En fyrst og fremst að menn séu þeir sjálfir.

Það þurfi engan sérfræðing til að skynja hvenær talað er af sannfæringu, og hvenær er verið að gera sér upp til að vinna sig í álit. Og það sé ekki traustvekjandi!

### Lífsins töfraglóð

Skortur á trausti í garð þeirra sem eru áhrifamenn í athafnalífi eða stjórnmálum skapar smám saman upplausn, sem er sprottin af óöryggi og pirringi almennings.

Ekki endilega reiði. Við ættum því að reyna að stilla kompásinn á samstöðu. Hvar sem er. Þeir sem óska eftir trausti almennings verða að vera trausts verðir.

Og hinir sem fá útrás á blogginu mættu alveg vera sparsamari á stóryrðin og örlátari á lífsins töfraglóð.

# Reikningsskapur

Fjárhagsáætlun
Líf Magneudóttir
varaborgarfulltrúi VG



> Þetta er auðvitað ekki hægt að kalla framreikninga, þar sem ekkert er reiknað …

Þegar þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar birtist loks eftir dúk og disk lét oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík hafa eftir sér að hann skildi ekki upphlaup minnihlutans og þætti það reyndar vandræðalegt. Áður en Dagur Eggertsson og Jón Gnarr tóku höndum saman hefðu áætlanir aðeins verið framreikningar og því líklega ekki merkileger pappírar. Þeir kumpánar kynnu hins vegar til verka og myndu ekki afgreiða neinar áætlanir nema allt væri komið upp á borðið varðandi kostnað.

Það er því athyglisvert að skoða þessa þriggja ára áætlun með hliðsjón af ummælum Dags, en hún er aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Þar má sjá að gert er ráð fyrir nákvæmlega sömu skatttekjum öll þrjú árin sem spáin nær til. Og það er kannski ekki skrýtið því áætlun þeirra Dags og Jóns gerir ráð fyrir óbreyttum launakostnaði næstu þrjú árin (sem sagt – sama kostnaði og í ár). Það er óþarfi að rekja tölurnar í smáatriðum en sömu sögu er að segja um áætlun vegna samstæðunnar, A- og B-hluta borgarsjóðs. Þetta er auðvitað ekki hægt að kalla framreikninga, þar sem ekkert er reiknað, og getur því áætlanagerð af þessu tagi varla fengið háa einkunn.

Í inngangi hennar má kannski finna skýringu á þessu en þar segir að ekki sé tekið tillit til nýgerðra kjarasamninga við starfsmenn borgarinnar; að ekki sé tekið tillit til vísbendinga um óhagstæðara verðlag gengisþróunar (en gert var ráð fyrir í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2011), að ekki sé gert ráð fyrir ábendingum fagsviða um mögulega kostnaðarauka á næstu árum og að ekki sé gert ráð fyrir aukningu útsvarstekna og fasteignagjalda umfram það sem núgildandi álagningarhlutföll og álagningarstofnar leiða af sér.

Þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir neinu sem liggur fyrir að muni gerast á næstu þremur árum, telur Dagur Eggertsson, og væntanlega Jón Gnarr líka, að nauðsynlegt sé að bíða eftir tölum um kostnað vegna flutnings málefna fatlaðra frá ríkinu. Það er mikilvægur málaflokkur og ég skil að honum vilji menn sinna vel. En er ekki frekar lélegt að nota flutning málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélags sem afsökun fyrir því að meirihlutinn í Reykjavík geti ekki komið saman þriggja ára áætlun?







AF NETINU

### Keyptur formannsstóll

Bjarni Benediktsson tilkynnti núna um helgina að hann yrði einn í kjöri þegar valinn verður formaður Sjálfstæðisflokksins á landsfundinum í haust.

Við sama tækifæri tilkynnti hann þau nýju viðhorf sín að Íslendingar ættu að draga til baka aðildarumsóknina að Evrópusambandinu. Í leiðinni hafnaði formaður Sjálfstæðisflokksins evrunni sem framtíðargjaldmiðli íslenska hagkerfisins. Bjarni sagði auðvitað ekkert um stöðu ríkisins innan Efnahagssvæðis Evrópu, og enn minna um aðrar hugsanlegar lausnir í gjaldeyrismálum. Þess þurfti heldur ekki. Öllum er ljóst samhengið milli tilkynninganna tveggja í ræðu Bjarna.

blog.eyjan.is/mordur

Mörður Árnason

### Hjaðningavíg

Farsakenndir stjórnarhættir sem innleiddir hafa verið af núverandi stjórnarflokkum hafa sennilega gert það að verkum að menn átta sig ekki á helstu tíðindunum, þegar ráðherra í ríkisstjórninni er leiddur fyrir stórskotaliðssveit úr eigin herbúðum. Hér er átt við þá ótrúlegu uppákomu sem varð þegar Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var bombarderaður af meintum félögum sínum úr stjórnarflokkunum á fundi þriggja þingnefnda í síðustu viku.

Hér er ekki bara átt við Mörð Árnason, þingmann Samfylkingarinnar. Hann var bara samur við sig. Stóru tíðindin eru auðvitað þau að ráðherrann mætti óvígum her eigin flokksmanna, í sömu erindum.

ekg.blog.is

Einar K. Guðfinnsson

# Tilbúningur á Kögunarhóli!

Efnahagsmál

Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra



Fyrrverandi ritstjóri, alþingismaður, ráðherra og sendiherra Þorsteinn Pálson mundar reglulega penna í Fréttablaðinu og kennir skrif sín við Kögunarhól. Það er vel til fundið því á Kögunarhóla ganga menn og litast um, ekki síst var það til að huga að skipakomum hér áður fyrr.

Það má Þorsteinn eiga að í skrifum hans er iðulega að finna tilburði til greiningar á viðfangsefninu, þ.e. hann leitast við að byggja skrif sín á einhvers konar „analýsu" og leggja út af því. Þetta er til muna uppbyggilegri aðferð en margt annað sem skrifað er og skrafað um stjórnmál og þjóðmál um þessar mundir. Almennt er himinn og haf milli þessara skrifa Þorsteins og t.d. hina hatursfullu, svart hvítu niðurrifs- og ofstækisskrifa sem fyrrum sálufélagar hans af hægri vængnum standa fyrir á ónefndum stöðum. Nóg um það.

Í síðustu skrifum sínum, sem Þorsteinn kennir við „Stór tíðindi", bregst honum svo illilega bogalistin að ekki verður látið ómótmælt. Hér skal það gert og er til marks um að skrif hans eru almennt svaraverð sem er meira en segja má um ýmsa aðra. Þorsteinn telur að út úr einhverjum ummælum undirritaðs að undanförnu megi lesa uppgjöf við það verkefni að ná tökum á hallarekstri ríkissjóðs og framfylgja ríkisfjármála- og efnahagsáætlun sem skili tilskyldum árangri. Ekkert er fjær sanni. Tímamótin eru hvergi til nema í höfði Þorsteins. Stefnumót hans við sjálfan sig á einhverjum Kögunarhóli breyta engu um veruleikann.

**Ótvíræður árangur í ríkisfjármálum**

Látum nokkrar einfaldar staðreyndir um þróun ríkisfjármála undanfarin ár og stöðuna nú tala fyrir sig sjálfar:

1) Hallinn á ríkissjóði hrunárið mikla 2008 varð 216 milljarðar króna eða um 14,6% af vergri landsframleiðslu (VLF). Vissulega vegur þar langþyngst bókfærslan á tapinu mikla í Seðlabankanum, en undirliggjandi rekstur ríkisins fór jafnframt snarversnandi með tekjufalli og stórauknum útgjöldum.

2) Árið 2009 stefndi framan af í a.m.k. 170 milljarða halla, en skv. fjárlögum fyrri ríkisstjórnar átti hann að verða 153 milljarðar. Í stað þess að bíða með aðgerðir, eins og upphafleg efnahagsáætlun þeirrar ríkisstjórnar með AGS gerði ráð fyrir, hófst núverandi ríkisstjórn strax handa á miðju því ári. Aðhalds- og niðurskurðaraðgerðir upp á vel á þriðja tug milljarða ásamt stórauknu aðhaldi og eftirliti með að rekstrinum yrði innan fjárheimilda, skiluðu útkomu upp á tæplega 140 milljarða halla eða vel innan við 10% af VLF.

3) Umfangsmiklar aðgerðir á árinu 2010 skiluðu því að undirliggjandi rekstur ríkisins batnaði til muna, tekjuhalli frá rekstri varð nálægt 5% af VLF. Bókfærsla óreglulegra og einskiptis liða, fyrst og fremst 33 milljarða framlags til Íbúðalánasjóðs og ríkisábyrgða sem vöknuðu til lífsins með falli hins einkavædda Landsbanka (svo mikið fyrir þau vinnubrögð), gerðu það að verkum að tekjuhallinn endaði í 123 milljörðum eða 8% af VLF.

4) Fjárlögum yfirstandandi árs var lokað með liðlega 37 milljarða halla eða áætluðum 2,3% af VLF. Útgjaldaáhrif nýgerðra kjarasamninga valda mestu um að hallinn gæti endað í um 2,5% af VLF eins og nú horfir. Þó svo fari erum við komin langan veg frá 10-14% halla áranna 2008 – 2009. Þessi niðurstaða, sem þróun ríkisfjármálanna fyrstu 7 mánuði ársins styður að náist (tekjur heldur yfir áætlun og útgjöld á áætlun) þýðir að markmið um jákvæðan frumjöfnuð næst á rekstrargrunni en verður um eða rétt undir á greiðslugrunni.

5) Þó enn sé ekki tímabært að greina í smáatriðum frá markmiðum fyrir næsta fjárlagaár, hefur þegar komið fram að stefnt er að umtalsverðu skrefi til að brúa það bil sem eftir er yfir í heildarjöfnuð. Segjum að þá sé í sjónmáli halli upp á 1–1,3% af VLF. Nefni þá Þorsteinn Pálsson mér dæmi um það á byggðu bóli að rösklegar hafi verið tekið á málum og það á tímum mikils samdráttar og erfiðleika í hagkerfinu á sama tíma. Alltaf hefur legið fyrir að ríkisfjármálaáætlunin til meðallangs tíma yrði endurskoðuð á þessu ári og aðlöguð að aðstæðum og á grundvelli þess árangurs sem þegar hefur náðst. Sú vinna er nú á lokastigi í nánu samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

> Róðurinn er þungur, en skipið er á leið í land Þorsteinn. Taktu með þér gleraugun næst þegar þú skreppur á Hólinn.

**Taktu gleraugun með Þorsteinn**

Í októberbyrjun mun ný og endurskoðuð áætlun fyrir árin 2012–2015 líta dagsins ljós. Ég mæli með því við Kögunarhólsgönguhrólfinn að hann bíði með allt tal um tímamót og uppgjöf. Sú staðreynd að íslenska ríkið fór út á alþjóðlegan skuldabréfamarkað og sótti sér þangað 1 milljarð Bandaríkjadala á mjög ásættanlegum kjörum í júníbyrjun segir sína sögu um hvert Ísland er þó komið frá hruninu. Til vitnis um hið sama er að landið sem tróndi einna efst á lista þeirra tíu ríkja sem líklegust voru talin til að verða gjaldþrota 2009 er ekki lengur nefnt í því samhengi. Áhættuálagið á Ísland er nú miklu lægra en hjá þeim Evrópuríkjum sem erfiðast eiga, eftirmarkaður með hin nýútgefnu skuldabréf ríkisins endurspeglar sömuleiðis það traust sem tekist hefur að byggja upp.

Niðursveifla hagkerfisins náði botni á síðasta ári og landið tók að rísa. Undirrituðum kæmi ekki á óvart þó batinn eigi eftir að reynast ívið kraftmeiri í ár en spár hafa almennt gengið út á. Innflutningur rekstrar- og fjárfestingavara hefur sótt í sig veðrið frá og með síðari hluta sl. árs og fjárfesting er tekin að aukast.

Róðurinn er þungur, en skipið er á leið í land Þorsteinn. Taktu með þér gleraugun næst þegar þú skreppur á Hólinn.




# Réttindi barna

Ný barnalög

Guðrún Önfjörð
sérfræðingur í klínískri barna- og unglingasálfræði



Umræður um uppeldisumhverfi og uppvaxtaraðstæður barna vekja alltaf tilfinningar. Það er mikill hiti í röksemdum Heimis Hilmarssonar í grein um ný barnalög í Fréttablaðinu þ. 10. ágúst. Röksemdir hans um aðstæður mála á Norðurlöndum hafa ekki stuðning í veruleikanum.

Barnalögum hverrar þjóðar ber að verja réttindi barna og ekki minnst barnsins vegna. Lög um forræði barna við skilnað hafa því miður mest miðað að rétti foreldra og ekki rétti barna. Það er komin mikil reynsla á afdrif barna við skilnað þegar langvarandi ósætti er milli foreldra. Það er einróma niðurstaða mála meðal fagfólks að forræðismál eigi ekki erindi í dómstóla. Dómstólar hafa ekki sérþekkingu til að útkljá slík mál þannig að staða og réttur barnsins hefur verið sniðgenginn á þessum vettvangi.

> Lög um forræði barna við skilnað hafa því miður mest miðað að rétti foreldra og ekki rétti barna.

Svíar innleiddu fyrir nokkrum árum lög um rétt dómara til að dæma sameiginlegt forræði ef foreldrar væru ekki sammála. Svíar hafa nú endurunnið löggjöfina eftir reynslu af þessari tilhögun og dregið til baka dómsrétt um sameiginlegt forræði.

Norðmenn sömdu lagafrumvarp 2009 þess eðlis að sameiginlegt forræði við skilnað væri frumregla. Frumvarpið hafði í sér ákvörðun um rétt dómstóla til að dæma sameiginlegt forræði barna ef foreldrar væru ekki sammála. Eftir nefndarvinnu og aðkomu ýmissa fagaðila hefur frumvarpið tekið allmiklum breytingum, þar á meðal hefur dómsúrskurður um forræði verið felldur niður.

Danir hafa fagstofnun í Statsamtet sem tekur að sér öll deilumál milli foreldra við skilnað. Forræðismál fara því ekki í dómsali, nema úrskurði Statsamts sé hafnað. Mér hefur verið tjáð að Danir hafi engin áform um að innleiða rétt dómstóla til að dæma sameiginlegt forræði. Enda myndi það fara á skjön við úrskurði í Statsamti og grafa undan faglegri starfsemi stofnunarinnar.

Reynsla okkar sérfræðinga er að þegar langvarandi deilur milli foreldra eiga sér stað skaðar það barnið/börnin alvarlega. Sameiginlegt forræði þegar foreldrar geta ekki og vilja ekki vinna saman er stríðsvöllur sem hvorki skal bjóða börnum né foreldrum. Hvað þá bjóða með lögum.

Það er reynsla mín eftir 30 ára starfsferil sem klínískur barnasálfræðingur að afleiðingar áralangra erja fráskilinna foreldra enda sem oftast með því að barnið á eftir bara eitt foreldri sem það hefur samband við, stundum ekkert foreldri. Það er réttur barnsins á sambandi við báða foreldra sína sem barnalöggjöfinni ber að verja.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**SUMAR AFGREIÐSLUTÍMI OPNUM Í DAG KL.11:00**




**495** KR. 518 grömm

**CHEERIOS**
518 GRAMMA PAKKI




**675** KR. 690 grömm

**COCOA PUFFS**
690 GRAMMA PAKKI




**359** KR. 6 PK

**POP SECRET ÖRBYLGJUPOPP 6 PAKKAR**

## OS SKÓLAOSTUR STYKKI EÐA SNEIÐAR




**1298** KR. KG

VERÐ ÁÐUR 1598 KR.KG.
**SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM**
300 KR. VERÐLÆKKUN




**998** KR. KG

VERÐ ÁÐUR 1279 KR.KG.
**SKÓLAOSTUR STÓRT STYKKI** 22% LÆGRA VERÐ




**695** KR. 2 KG

**Hafragrautur er holl og góð fæða.**
Helstu hráefni sem í hafragraut eru vatn, sem er lífsnauðsynlegt næringarefni og haframjölið. Helsti kostur **hafra** er hversu ríkir þeir eru af vatnsleysanlegum trefjum sem hafa heilnæm áhrif á líkamann. Haframjölið er meðal annars uppspretta flókinna kolvetna og trefja, auk ýmissa vítamína og steinefna. Haframjöl stuðlar að **lækkun blóðkólesteróls**, en hátt kólesteról í blóði er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma.
*(heimild: Vísindavefur HÍ; Er hafragrautur hollur? / B.S.Gunnarsson)*




**98** KR. 1 LTR.

**PEPSI 1 LTR.**




**598** KR. 750 ML

EXTRA VIRGIN OLÍA 750 ML. Á VERÐI 500 ML.




**198** KR. 1 LTR

**TRÓPÍ 1 LTR.**

**98** KR. 330 ML

**TRÓPÍ 33 CL.**

## GEVALIA




**579** KR. 1/2 KG

**GEVALIA ORGINAL KAFFI 1/2 KG.**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**


Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ELVIS PRESLEY,** konungur rokksins, lést þennan dag (1935-1977)

*„Ég á aldrei eftir að meika það. Það er útilokað mál. Það á enginn eftir að heyra mig syngja því áhorfendur öskra svo á meðan.“*



*Elskuleg systir mín,*

**Gunnhildur Snorradóttir Lorensen**

frá Akureyri,

búsett í San Francisco, er látin.

**Snorri Snorrason**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Jónsdóttir**

Dampfærgevej 14,
2100 Kaupmannahöfn,

lést 4. ágúst sl. Útför hennar fer fram frá Kastelkirkju í Kastellet í Kaupmannahöfn, laugardaginn 20. ágúst kl. 11.00.

**Ólafur Haraldsson**
**Haraldur Ólafsson** **Nanna Guldborg Andersen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæra dóttir og systir,*

**Elísa Sól Sonjudóttir**

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á heimili sínu fimmtudaginn 11. ágúst. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 13.00.

**Sonja Björk Elíasdóttir** **Tómas Þór Eiríksson**
**Sandra Ýrr, Lúkas Nói, Karítas Ylfa.**



*Elskulegur sonur okkar, sambýlismaður, bróðir, mágur og frændi,*

**Finnur Dór Þórðarson**

leikari

lést af slysförum í Lúxemborg 13. ágúst.

**Þórhildur Hinriksdóttir** **Þórður Sigurjónsson**
**Jessica Andre**
**Harpa Rún Þórðardóttir** **Romain Buchholtz**
**Ólöf Dís Þórðardóttir** **Birgir Örn Björnsson**
**Sigurjón Þórðarson** **Jóhanna Jakobsdóttir**
**systkinabörn.**

**Lokað**

verður í Læknasetrinu og Rannsóknastofunni
í Mjódd Þönglabakka 1 og 6
eftir hádegi í dag, þriðjudaginn 16. ágúst
vegna útfarar
Magnúsar Karls Péturssonar læknis

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST** 16. ÁGÚST 1963

## *Guðrún fegurst í heimi*

Guðrún Bjarnadóttir, 20 ára sýningarstúlka úr Njarðvíkum, varð hlutskörpust í alþjóðlegu fegurðarsamkeppninni Miss Universe á Langasandi í Bandaríkjunum fyrir 48 árum. Guðrún var árinu áður kjörin Ungfrú Ísland. Mál hennar voru 173 sentimetrar að hæð, brjóstmál 90, mitti 60 og mjaðmir 91 sentimetri.

Eftir keppni í Ungfrú Evrópu fékk Guðrún samning hjá þekktustu umboðsskrifstofu Parísar sem rekin var af Dorian Leigh. Þegar að alheimskeppninni að Langasandi kom hafði Guðrún ekki lengur áhuga á frekari þátttöku en stóð við gefin loforð og mætti á Langasand með tilmæli frá Dorian Leigh um að reyna hvað hún gæti til að ná ekki árangri. Ekki dugði það til því hrífandi fegurð Guðrúnar heillaði dómara upp úr skónum og færði henni titilinn fegursta kona heims. Guðrún varð samstundis þjóðhetja Íslendinga en var sjálf ekki alls kostar ánægð með titilinn sem var henni fjötur um fót á framabrautinni. Ekki einasta var hallærislegt að vera fegurðardrottning í módelbransanum heldur fylgdu titlinum kvaðir. Guðrún vék sér fimlega undan þeirri skyldu og hélt aftur til Frakklands þar sem hún varð ein frægasta ljósmyndafyrirsæta heims.

*Heimild: Brosað gegnum tárin*





**NUDDAR TIL BETRA LÍFS** Elsa Lára Arnardóttir er formaður Sjúkranuddarafélags Íslands. Hún stundar sjósund til að halda sér í sem bestu formi fyrir líkamleg átök vinnu sinnar en segir starfið afar gefandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

SJÚKRANUDDARAFÉLAG ÍSLANDS: STENDUR Á ÞRÍTUGU UM ÞESSAR MUNDIR

# Gefandi að létta á þrautum

„Sjúkranudd er meðhöndlun á mjúkum vöðvum, taugum og sinum. Við tökum sjúkraskýrslu og líkamsmat áður en meðferð hefst og vinnum dýpra og meira á meinum og sjúkdómum en í yfirborðsslökun,“ segir Elsa Lára Arnardóttir, formaður Sjúkranuddarafélags Íslands sem stofnað var árið 1981.

Lög um sjúkranudd voru samþykkt á Alþingi 1987. Að sögn Elsu Láru starfa nú um þrjátíu sjúkranuddarar á Íslandi; flestir á Heilsustofnun NLFÍ, eigin stofum, sjúkrahúsum, heilsugæslu- og heilsuræktarstöðvum.

„Þörf á sjúkranuddurum er mikil hérlendis. Þeir anna engan veginn eftirspurn og margir eru hættir að taka að sér nýja sjúklinga. Eftir að kreppti að hafa færri farið utan til náms, en námið er eingöngu metið frá þýskum og kanadískum skólum. Skólagjöld hafa hækkað um helming frá hruni en á móti koma ágætislaun að námi loknu, svo ég hvet áhugasama um að kynna sér málavexti vel, því starfið er skemmtilegt,“ upplýsir Elsa Lára, en nám í sjúkranuddi tekur tvö til þrjú ár.

„Sjúkranuddarar starfa eftir tilvísun frá læknum, en nuddið læknar ekki sjúkdóma eitt og sér. Hins vegar linar það sársauka og léttir verulega þrautir sjúklinga, oft til frambúðar. Þá er sjúkranudd mikið notað sem fyrirbyggjandi meðferð fyrir þá sem eru undir miklu líkamlegu álagi, en einnig andlegu álagi, því andleg mein leggjast stíft á vöðva sem verða svo herptir að sumir leggjast í kör. Því er gjarnan mælt með meðferð hjá sjúkranuddara samhliða tímum hjá sálfræðingum og geðlæknum,“ útskýrir Elsa Lára.

Hún segir markmið félagsins að afla sjúkranuddi sömu virðingar og viðurkenningar og það nýtur í öðrum löndum innan vestrænna læknavísinda.

„Erlendis starfa sjúkranuddarar með læknateymum á heilsugæslustöðvum, enda jákvætt að allir vinni saman að bata sjúklinga. Þetta er einnig að færast í aukana hér, með góðum árangri eins og sjá má hjá Heilsueflingu Mosfellsbæjar,“ segir Elsa Lára.

Í tilefni þrítugsafmælisins komu félagsmenn saman yfir hollum samlokum, dísætri hnallþóru og góðri samveru á aðalfundi félagsins.

„Helstu baráttumálin nú eru að verða sýnilegri og gera almenningi betur grein fyrir því sem við getum gert. Einnig vinnum við ötullega að því að fá námið heim og vonumst til að sjá þann skóla verða að veruleika á komandi árum,“ segir Elsa Lára.

**thordis@frettabladid.is**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hjördís Lovísa Pálmadóttir**

lést á gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri fimmtudaginn 11. ágúst.
Útför hennar verður gerð frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 18. ágúst kl. 13.30.

**Pétur Haraldsson**
**Fanney Bergrós Pétursdóttir** **Hafsteinn Lúðvíksson**
**Haraldur Pétursson** **Silja Einarsdóttir**
**Úrsúla Nótt Siljudóttir** **Helga Dís Hafsteinsdóttir**
**Illugi Dagur Haraldsson** **Ríkharð Pétur Hafsteinsson**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Hjalti Gíslason**

frá Hofsósi,

lést mánudaginn 8. ágúst. Útför hans verður gerð frá Hofsóskirkju laugardaginn 20. ágúst kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Gretti Hofsósi, reikningsnúmer 310-26-43363.

**Maren Sveinbjörnsdóttir**
**Anna Hulda Hjaltadóttir** **Sigurður Kristjánsson**
**og afastrákarnir.**



**Sykurfíknin söltuð** er heiti fyrirlesturs sem Linda Steinunn Pétursdóttir, heilsuráðgjafi í Bandaríkjunum, heldur í World Class í Laugum 23. ágúst. Þar ræðir hún lausnir til þess að frelsa fólk frá sykurþörfinni.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512-5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512















**Hjalti Úrsus Árnason vaxtarræktarmaður stendur að baki heimsviðburði í Hörpunni í nóvember.**



Hjalti Úrsus með Evu Sveinsdóttur sem er fyrst Íslendinga til að fá leyfi til keppni á atvinnumóti WBFF og Helga Bjarnasyni, einum fremsta fitness-keppanda lýðveldisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hasarkroppar í Hörpu

Í Hörpunni verður ekki þverfótað fyrir helstu stórstjörnum heilsubransans, en þar mun skína skærast hasarkroppurinn Ingrid Romero sem er heitasta fitness-módel heimsins og er nú að gleypa heiminn sem nýjasta Hollywood-stjarnan í Entourage-þáttunum og fjórðu seríunni af True Blood," segir Hjalti Úrsus um alþjóðlegan stórviðburð í Hörpu á komandi vetri; Icelandic Fitness and Health Expo (IFHE) sem fram fer 4. til 6. nóvember.

„Að keppninni kemur World Bodybuilding Fitness Federation (WBFF), sem í samanburði má líkja við Formúlu 1 í kappakstursheiminum. WBFF stendur árlega fyrir veigamiklum vaxtarræktarmótum í Bandaríkjunum og Kanada, en hefur á þeim mótum dregið mjög úr öfgum, þótt enn keppi þar gríðarbreiðir strákar með mikla vöðva," segir Hjalti Úrsus, stoltur af komandi heimsviðburði.

„WBFF ætlar nú að færa út kvíarnar til Evrópu og valdi Ísland sem fyrsta áfangastað. Við erum heppin að verða fyrst evrópskra þjóða með WBFF-mót og um leið frumkvöðlar á því sviði. Hingað kemur Paul Dilett, forstjóri WBFF, ásamt fríðu föruneyti, eins og Ingrid Romero, fyrirlesurum Columbia-háskóla og David Ford, einum þekktasta fitness-ljósmyndara heims."

Stórmótið í Hörpu skiptist í vörusýningu og metnaðarfullar keppnir, að sögn Hjalta Úrsusar.

„Sumir kalla þetta Woodstock vaxtarræktarmanna því allir sem eru menn með mönnum mæta og skemmta sér saman á hátíðinni. Meðal atriða verður aflraunakeppnin Jón Páll Sigmarsson Classic og WBFF-keppni í fitness og vaxtarrækt, ásamt keppni í boot-camp, crossfit, ketilbjöllum og fleiru, en nú þegar hafa skráð sig til þátttöku keppendur víða úr Evrópu til að ávinna sér keppnisréttindi í gegnum stórmótið hér," segir Hjalti

FRAMHALD | 2






**HD fitness-kerfið** er byggt á æfingum sem stjörnur á borð við Jennifer Aniston og Gwyneth Palthrow iðka. Þar er lögð áhersla á styrkingu djúpvöðva í kvið og baki og djúpar teygjuæfingar. Sex vikna námskeið í HD fitness hefst í Hreyfingu 29. ágúst.

# Halda námskeið í uppeldi barna með ADHD

**Þroska- og hegðunarstöð stendur fyrir námskeiði fyrir foreldra barna með ADHD. Svipuð námskeið hafa verið haldin og vel er látið af þeim meðal foreldra sem finnst gott að ræða við aðra í svipaðri stöðu.**

„Þetta er námskeið fyrir foreldra barna sem eru annaðhvort með einkenni athyglisbrests og ofvirkni eða hafa fengið greiningu,“ segir Hafdís Einarsdóttir sálfræðingur á Þroska- og hegðunarstöð. Námskeiðið er haldið á vegum Þroska- og hegðunarstöðvar og hefst 13. september.

Nánari upplýsingar veitir skiptastjóri þrotabúsins, Jón Sigfús Sigurjónsson hdl. Skólavörðustíg 12 Reykjavík, símar 588-8066 og 893-3003 eða með tölvupósti á netfangið jon@codex.is

## Fasteignir




# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Langamýri 7- Garðabæ.

**OPIÐ HÚS Í DAG, ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.30-18.30**




Fallegt og vel staðsett 219,1 fm einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 32,0 fm. nýlegum bílskúr. Eignin skiptist m.a. í rúmgott eldhús með góðri borðaðstöðu, samliggjandi stofur með útgangi á verönd og 5 herbergi. Á efri hæð er rúmgott alrými/setustofu/sjónvarpsherbergi með góðri lofthæð og ofanbirtu um stóran þakglugga. Ræktuð lóð með nýlegri hellulögn.
**Verð 56,7 millj.**
**Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag, frá kl. 17.30-18.30**
**Sölumaður verður á staðnum. Verið velkomin.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Sæmundsson**
Birkihvammi 5, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 12. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Ásta Halldóra Ágústsdóttir**
**Ágúst Þ. Gunnarsson** **Hólmfríður Sigurðardóttir**
**Ólafur S. Gunnarsson**
**Hulda B. Gunnarsdóttir** **Helgi Valberg**
**Sigurlaug Gunnarsdóttir** **Hafsteinn G. Haraldsson**
**Gunnhildur Gunnarsdóttir** **Rannver Eðvarðsson**
**Valdimar G. Gunnarsson** **Katrín Einarsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson** **Anna María Bjarnadóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir okkar, sonur, tengdasonur, afi og bróðir,*

**Rafael Daníel Vias Martinez**
Fremristekk 4, Reykjavík,

lést á Spáni föstudaginn 5. ágúst 2011. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 18. ágúst kl. 15.00.

**Alda Helgadóttir**
**Sylvía Lind Vias**
**Rafael Daníel Vias**
**Carmen Martinez Provedo**
**Inga Frederiksen**
**Daníel Vias Elvarsson**
**Aron Vias Elvarsson**
**og systkini hins látna.**





*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og stuðning við fráfall forelda okkar, þeirra*

**Sigurðar Antons Jónssonar og Katrínar Björgvinsdóttur**
Þórsgötu 8,

þann 30. júní og 23. júlí sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjartadeilda 14E/G, Landspítala, fyrir góða umönnun.

**Jóhann Rúnar Sigurðsson** **Aðalbjörg Jónsdóttir**
**Björgvin Sigurðsson** **Ólafía Ragnarsdóttir**
**Vignir Sigurðsson** **Eyrún Valsdóttir**
**Svavar Sigurðsson** **Silvia Hromadko**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og tengdasonur,*

**Ásgeir Guðjón Kristjánsson**
frá Bolungarvík,
Drafnarbraut 2, Dalvík,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri fimmtudaginn 11. ágúst. Útför hans fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 20. ágúst kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjálfsbjörgu.

**Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir**
**Þórhildur Ásgeirsdóttir**
**Dagbjört Ásgeirsdóttir** **Thurstan Feldstead**
**Páll Guðmundur Ásgeirsson** **Hildur Einarsdóttir**
**Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir** **Stefán Aðalsteinsson**
**Margrét Hlíf Óskarsdóttir** **Stefán Örn Óskarsson**
**Lovísa Kristín Karlsdóttir** **Guðjón Óskar Karlsson**
**Valbjörg Pálsdóttir** **Guðmundur Arnar Pálsson**
**Guðmunda Jónína Guðmundsdóttir**

# Vatnsberinn kominn heim

Vatnsberi Ásmundar Sveinssonar var fluttur á horn Lækjargötu og Bankastrætis í gær. Hann hafði frá árinu 1967 staðið á holtinu við Veðurstofu Íslands, en deilur spruttu upp þegar staðsetja átti Vatnsberann í borgarlandinu á sínum tíma.

Fyrr í sumar samþykkti borgarráð tillögu Listasafns Íslands um nýja staðsetningu Vatnsberans og má því segja að hann sé nú endanlega kominn heim.

Ásmundur Sveinsson var einn af frumkvöðlum íslenskrar höggmyndalistar. Hann lauk við Vatnsberann árið 1937 og er hann eitt þekktasta verk hans. Talið er að Vatnberanum hafi verið ætlað að standa nálægt Bernhöftsbrunni, sem var síðasti brunnurinn í Reykjavík, til minningar um vatnsberana sem settu svip sinn á gamla miðbæinn um aldamótin 1900. Brunnurinn var í bakarabrekkunni á Bakarastíg, þar sem nú er Bankastræti. Brunnurinn og brekkan draga nöfn sín af bakaranum Tönnes Daniel Bernhöft sem frá árinu 1845 rak bakarí þar sem nú er Bankastræti 2. Bernhöft var athafnamaður og lét grafa brunn vestan við bakaríið.

Á afmælisdegi Reykjavíkurborgar, fimmtudaginn 18. ágúst klukkan 20, verður sérstök athöfn tileinkuð Vatnsberanum við styttuna. Einar Örn Benediktsson, formaður menningar- og ferðamálaráðs, mun segja nokkur orð og Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, ræðir sögu Vatnsberans og samhengi hans í núverandi borgarlandslagi og við önnur útilistaverk í nágrenninu. **- þlg**



**ROGAST MEÐ VATNIÐ** Nú er Vatnsberinn kominn á verðugan stað með viðeigandi sögustað í bakgrunni, eða þar sem vatnsberar fyrri tíma roguðust upp bakarabrekkuna með vatnsfötur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vagnstjórar sigra í ökuleikni

Strætisvagnabílstjórar Strætó bs. sigruðu á Norðurlandamóti í ökuleikni vagnstjóra, sem haldið var í Stokkhólmi í Svíþjóð nýlega.

Íslenska liðið skipuðu Sigurjón Guðnason, Andrés Bergsson, Steindór Steinþórsson, Elías Viggó Bíldal Guðmundsson, Björg Guðmundsdóttir og Þórarinn Söebech. Á mótinu ekur hver keppandi braut með ákveðnum þrautum tvisvar sinnum. Mælt er hversu fljótir keppendur eru að aka í gegnum þrautirnar og jafnframt hve margar villur þeir gera í akstrinum. Auk keppni á milli landa er sérstök einstaklingskeppni vagnstjóra og þar náði Þórarinn Söebech bestum árangri íslenska liðsins og varð í þriðja sæti.

Íslenskir vagnstjórar hafa tekið þátt í Norðurlandamótinu í ökuleikni frá árinu 1983 en mótið var fyrst haldið árið 1976. Íslenska liðið hefur alls farið með sigur af hólmi átta sinnum, fyrst árið 1993 en síðast fyrir mótið í ár árið 2009.



**ÍSLENSKA SIGURLIÐIÐ Í ÖKULEIKNI** Strætisvagnabílstjórar Strætó bs. sigruðu á Norðurlandamóti í ökuleikni vagnstjóra.



# Minningarathöfn vegna fósturláta

Árleg minningarathöfn vegna fósturláta verður haldin í Bænhúsi við Fossvogskirkju á morgun, miðvikudaginn 17. ágúst, klukkan 16. Minningarathöfnin var fyrst haldin 1995. Sjúkrahúsprestar og djákni Landspítalans sjá um framkvæmd athafnarinnar í samvinnu við starfsfólk Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Athöfnin er öllum opin. Að lokinni athöfn í Bænhúsi verður gengið að Minnisvarða um líf og að fósturreit Fossvogskirkjugarðs.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ingibjörg Sigurðardóttir**
frá Vík í Mýrdal
Bólstaðahlíð 41, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 12. ágúst. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 22. ágúst kl. 13.00.

**Sigurður Þór Magnússon** **Auður Marinósdóttir**
**Valgerður Ása Magnúsdóttir** **Gylfi Hallgrímsson**
**Ingunn Birna Magnúsdóttir** **Þórður Sigurðsson**
**Ásmundur Smári Magnússon** **Dagbjört Steingrímsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Ólafs Þorkelssonar**
Efstasundi 28, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Mörkinni,5. hæð suður, fyrir góða umönnun.

**Anna Lísa Jóhannesdóttir**
**Þorkell Pétur Ólafsson** **Margrét Elíasdóttir**
**Ólafur Helgi Ólafsson** **Jóhanna K. Arndal**
**barnabörn.**



*Bróðir okkar,*

**Ólafur Finnbogason**
frá Vattarnesi,

lést fimmtudaginn 11. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð í Garðabæ. Útförin fer fram frá Skálmarnesmúlakirkju laugardaginn 20. ágúst kl. 15.00.

**Systkini hins látna.**



*Elskulegur sonur okkar, bróðir og frændi,*

**Gunnar Sigurðsson**

er látinn. Jarðarförin auglýst síðar.

**Kristín Þuríður Símonardóttir**
**Sigurður Runólfsson**
**Íris Ragnarsdóttir**
**Björgvin Sigurðsson**
**Sigríður María Sigurðardóttir**
**og frændsystkini.**




## Dell Inspiron

fartölvur á skólatilboði frá

**79.900 – 179.900**

**3ja ára ábyrgð**

## Nákvæmlega það sem þú vilt

**Dell Inspiron N5110** með Intel® Core™ i5 örgjörva er verkfæri, eins og hamar eða blýantur, bara aðeins flóknari. Það sem skiptir máli er hvað þú gerir við hana. Notaðu **HD myndavélina** til að spjalla við vini eða í eitthvað enn sniðugra? Notaðu **útskiptanlegu bökin** til að sýna hvaða smekk þú hefur eða til að senda kennaranum skilaboð? Læturðu **Intel** örgjörvann sýna krafta sína í tölvuleikjum eða við kvikmyndagerð? Þú ert það sem þú gerir **- gerðu það með Dell!**

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and/or other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



Grensásvegi 10 | 108 Reykjavík | Tryggvabraut 10 | 600 Akureyri | 440 9000 | sala@ejs.is | Vefverslun | www.ejs.is

DELL | EJS | HLUTI AF SKÝRR

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð eru með vsk.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA –11-1541

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** æsa, **6.** upphrópun, **8.** bók, **9.** upphaf, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** þátttakandi, **16.** rún, **17.** gat á steðja, **18.** næði, **20.** fyrir hönd, **21.** stefna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** graspökur, **3.** tveir eins, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** planta, **10.** hestaskítur, **13.** gljúfur, **15.** innyfla, **16.** á sjó, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. örva, 6. oj, 8. rit, 9. rót, 11. tt, 12. flagg, 14. aðili, 16. úr, 17. löð, 18. tóm, 20. pr, 21. ismi.
**LÓÐRÉTT:** 1. torf, 3. rr, 4. vitglöp, 5. att, 7. jólarós, 10. tað, 13. gil, 15. iðra, 16. úti, 19. mm.





# Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið. Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.







*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.

Allt sem þú þarft...


# Reiði er réttmæt pólistík afstaða

BAKÞANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé



Menn keppast nú við að skilgreina hvað er á seyði í Bretlandi og gengur misvel. Helst er það skortur á pólitískum stefnumiðum sem stendur í fólki og verður til þess að ekki eru allir tilbúnir til að skrifa upp á að það sem á sér stað í borgum Bretlands núna sé annað en skrílslæti. Í slíkum hugleiðingum gleymist hins vegar að skrílslæti geta verið yfirlýsing, reiði getur verið réttmæt pólitísk afstaða.

**FRANSKA** byltingin er gjarnan mærð í ræðu og riti. Lýðræðissinnar sjá í henni vakningu pólitísks almannavilja, lýðurinn reis gegn fulltrúa guðs hér á jörðu, konunginum, og endaði með því að hálshöggva kauða.

**ÁN ÞESS** að ætlunin sé að draga samasemmerki milli atburða í Bretlandi nú og Frakklandi 1789, er vert að benda á að margt er sammerkt með þeim. Ekki fór mikið fyrir útpældum pólitískum stefnumálum í upphafi Frönsku byltingarinnar, reiður og svangur almúginn fór út á götur til að fá innibyrgðu vonleysi útrás. Og er það ekki nákvæmlega það sem er að gerast í Bretlandi?

**ÞÓ BLACKBERRY** símar og tíðar Twitter-færslur bendi ekki til að þátttakendur í bresku aðgerðunum séu við hungurmörk, verður ekki framhjá því litið að ástandið í bresku samfélagi hefur hríðversnað ár frá ári. Misskiptingin eykst og vonleysið í fjölmörgum borgarhlutum er orðið norm. „Oh Maggie what have we done?" söng Roger Waters á The Final Cut og margir taka undir með honum nú. Ofurfrjálshyggja Thatcher skildi fjölda fólks eftir í algjöru vonleysi. Síðan eru liðin 30 ár.

**HALDI ÁFRAM** sem horfir nær bilið á milli ríkra og fátækra í landinu hærri hæðum en það hefur gert síðan á dögum Viktoríu drottningar. Á dögum Dickens og Olivers Twist sem sagt. Tíundi ríkasti hluti Lundúnabúa á núna 273svar sinnum meira en tíundi fátækasti hlutinn. Og ekki virðist lögreglan beita valdi sínu af skynsemi. Síðan 1998 hafa 333 dáið í haldi lögreglu, án þess að einn einasti lögreglumaður hafi þurft að svara fyrir.

**ÞAÐ ER** því kannski ekki nema von að dauði Marks Duggan í aðgerðum lögreglu hafi kveikt reiðineista. Neista sem varð að báli í öllum helstu borgum landsins. Og það er kannski ekkert skrítið að útfærða pólitíska stefnumörkun skorti. Þegar vonleysið hrjáir mann er reiðin alveg nógu skýrt stefnumarkmið. Alveg nógu pólitísk afstaða.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI




## acer FARTÖLVA

**Acer Aspire 5750G-2314G50MN**

- Intel Core i3-2310M 2.1GHz Dual Core
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- 1GB Geforce GT 520M leikjaskjákort
- Rafhlöðuending allt að 4,5 klst.
- Windows 7 Home Premium 64bit

**117.950**

## 15.4- 16" FARTÖLVUTASKA



Targus

**Targus Clamchell**

Svört hliðartaska

**3.750**

## TURNKASSI

COOLER MASTER



**Coolermaster Silencio 550**

Glæsilegur turn, sérstaklega hljóðeinangraður, hljóðtengi, USB3 tengi, SD kortalesari, innbyggð 3,5" SATA docka – sjón er sögu ríkari.

**18.950**

## 500w AFLGJAFI

**FORTRON**



**Fortron HEXA**

500W aflgjafi. Traustur og hljóðlátur, ATX 2.3.

**9.450**

## VINNSLUMINNI



**Corsair 1333MHz 4GB (2x2GB) ValueSelect**

240pin CL9 minni með lífstíðarábyrgð

CORSAIR

**5.750**

## HARÐUR DISKUR

**2TB**

**Seagate Barracuda 2TB**

SATA3 6Gb/s 5900snúningar á mínútu, 64MB cache, sparsamur á orku, hljóðlátur og kaldur.



Seagate

**12.750**

## SKJÁKORT

msi




**MSI GeForce N560GTX-M2D1GD5**

Öflugt Geforce skjákort með 1GB 4008MHz GDDR5 minni, 810MHz kjarna, 2x DVI útgangar + 1x Hdmi mini, styður DirectX 11.

**36.950**

## SOLID STATE DISKUR

CORSAIR

**60GB**




**Corsair Force 3**

60GB solid state diskur sem les 550MB/s og skrifar 520MB/s. SATA 3 - mun meiri flutningshraði. Engir hreyfanlegir hlutir - hljóðlaus.

**21.950**

## LEIKJATURN

COOLER MASTER



**AMD tölva 3 Athlon II X3 455**

- Athlon II X3 455 3,3GHz TripleCore AM3
- 4GB Dual DDR3 1333MHz
- 1TB SATA 3 WD harður diskur
- MSI Geforce N450GTS 1GB DDR5
- Windows 7 Home Premium 64bit

**109.950**

## FARTÖLVA




**MSI CR610-234NE**

- AMD Dual Core 2.1Ghz örgjörvi
- 2GB DDR2 minni
- 250GB diskur
- 15.6" WXGA skjár
- Vefmyndavél
- AMD radeon HD4200 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**69.950**

## FARTÖLVA




**MSI CR720-235NE**

- 2,0GHz Intel Celeron Dual Core P4600 örgjörvi
- 3GB DDR3 minni
- 320GB diskur
- 17,3" HD skjár
- Vefmyndavél
- Intel GMA HD skjástýring
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**97.950**

**@tt.is**
*Allt tölvutengt á betra verði*

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

**@tt.is**
*Allt tölvutengt á betra verði*

# menning

menning@frettabladid.is

**MYNDLISTARHÓPURINN TIM BOOMERANG** Miðvikudaginn 17. ágúst opnar í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi sýning myndlistarhópsins Tim Boomerang frá félagsmiðstöðinni Tíunni í Árbænum. Hópurinn er skipaður 15 og 16 ára stelpum og þema sýningarinnar er myndbandaleiga.

Tónleikar ★★★★★

**David Titterington**

á lokatónleikum Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju

## Sexvængja lofsöngur

Maður hrökk í kút þegar tónleikarnir á sunnudaginn í Hallgrímskirkju byrjuðu. Orgelið í kirkjunni er engin smásmíði, og strax á fyrstu hljómunum var allt sett í botn. Það var álíka mikill hávaði og á rokktónleikum.

Það var samt ekki rokkstjarna sem sat við orgelið, heldur David nokkur Titterington. Hann er hámenntaður yfirmaður orgeldeildar Royal Academy of Music. Líka listrænn stjórnandi einnar virtustu orgelkeppni í heiminum, orgelhátíðarinnar í St. Albans. Og margt fleira.

Tónleikarnir voru lokahnykkurinn á hinu svokallaða Alþjóðlega orgelsumri, en það er tónleikaröð í Hallgrímskirkju sem hefur verið starfrækt undanfarin ár. Eins og nafnið ber með sér koma fram innlendir og erlendir organistar og spila á risaorgelið í kirkjunni.



Fyrsta verkið á efnisskránni, þetta sem lét mig næstum fá hjartaáfall, var upphafskaflinn í sónötu í G-dúr eftir Edward Elgar. Auðheyrt var strax á fyrstu tónunum að Titterington kann til verka. Leikurinn var einbeittur, stílhreinn og flottur. Allur kaflinn var glæsilega spilaður, hraðar nótnarunur jafnar og tærar, mismunandi raddir orgelsins fallegar og í prýðilegu jafnvægi.

Önnur stórverk á dagskránni voru líka einstaklega flott. Marche Funebre et Chant Seraphique eftir Guilmant var til dæmis ótrúlega kraftmikið, en samt gætt hrífandi, draumkenndum skáldskap. Nafn verksins myndi á íslensku útleggjast sem útfarармars og serafasöngur; serafi er tegund engils með sex vængi. Slíkir englar eru sagðir flögra í sífellu í kringum hásæti Drottins, syngjandi honum lofsöngva. Orgelleikurinn var einmitt slíkur söngur.

Tónsmíð eftir Widor, Kórall og Finale úr rómanskri sinfóníu, voru sömuleiðis hástemmd og litrík, með sannfærandi, spennuþrunginni stígandi. Hraður Finale úr Sunnudagstónlist eftir Petr Eben, yngsta tónskáldið á efnisskránni, var líka sérlega glæsilegur, meitlaður og tær. Og annað smærra á tónleikunum var frábærlega vel flutt.

Þetta voru magnaðir tónleikar. Titterington er með betri organistum sem hafa sótt okkur heim. Hann er fumlaus, smekklegur í vali á röddum orgelsins, með óaðfinnanlega tækni og kemur skáldskapnum í músíkinni fullkomlega til skila. Það gerist ekki betra.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Frábærir tónleikar Davids Titterington í Hallgrímskirkju. Pottþétt tækni, magnaður skáldskapur.





Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft




**HJÓLHÝSATÓNLIST** Berglind María ferðast um Snæfellsnes í hjólhýsi í vikunni og lýkur ferðinni úti á Granda á menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heldur tónleika á hjólum á Snæfellsnesi alla vikuna

**Flautuleikarinn Berglind María Tómasdóttir ferðast um Snæfellsnes í vikunni og heldur tónleika í hjólhýsi. Hugmyndina fékk hún í Bandaríkjunum þar sem hún stundar doktorsnám.**

„Í rauninni er þetta hundrað prósent tónleikaferðalag. Ég verð bókstaflega á ferðinni allan tímann og spila líklega frá morgni til kvölds," segir Berglind María Tómasdóttir flautuleikari, sem hefur óvenjulegan hátt á tónleikum sínum í vikunni. Berglind, sem einnig gengur undir listamannsnafninu Rockriver Mary, leggur í hann í dag og ferðast um Snæfellsnes þar sem hún heldur tónleika í forláta hjólhýsi, en ferðinni lýkur síðdegis á menningarnótt þar sem hún treður upp í hjólhýsinu á Járnbrautarstöðinni við Hólmaslóð 2 úti á Granda.

Á þessu óvenjulega tónleikaferðalagi hyggst Berglind fyrst ferðast um sunnanvert Snæfellsnesið, síðan nesið norðanvert og jafnvel ljúka leik í Dölunum, en aðspurð segir hún ýmislegt velta á því hversu margt fólk hún hitti fyrir á hverjum stað. „Ég spila þetta dálítið eftir eyranu. Það komast fáir fyrir í hjólhýsinu, kannski fimm til sex manns á hverja tónleika, svo væntanlega verður um marga tónleika að ræða. En það kemur allt í ljós. Ég hvet þó fólk til að vera ekki feimið við að koma inn í hjólhýsið og hlusta," segir hún.

Hugmyndina að hjólhýsa-tónleikaferðinni fékk Berglind í Bandaríkjunum þar sem hún er búsett, nánar tiltekið í borginni San Diego, þar sem hún stundar doktorsnám í nútímatónlist við Kaliforníuháskóla. „Ætli bandaríska menningin sé ekki að ná heljargreipum á mér," segir hún og hlær, en hún hefur búið ytra í þrjú ár. „Ég fékk mikinn innblástur við að sjá öll þessi heimili á hjólum, eins og Bandaríkjamenn kalla hjólhýsin. Sem klassískur flautuleikari hef ég hingað til yfirleitt leikið í húsum sem helguð eru tónlist, svo það er skemmtilegt að helga sér hjólhýsi í þetta sinn."

Efnisskrána á tónleikunum kallar Berglind Tóna tregans og samanstendur hún af tónlist sem flautuleikarinn hefur heillast af yfir ævina. „Ég hef verið að gramsa í gömlum nótnabókum upp á síðkastið, fann meðal annars kennslubókina mína úr tónmennt í Fossvogsskóla, og þar hef ég rekist á helling af fínum lögum. En auk þess leik ég nútímatónlist og ýmislegt fleira. Það verður gaman að sjá hvað gerist," segir Berglind.

kjartan@frettabladid.is

# Tímabært að spila fyrir mömmu

Ljúfir tónar barokkfiðlu og sembals munu hljóma í Listasafni Sigurjóns á Laugarnestanga í kvöld þegar Kathleen Kajioka og Olivier Fortin stilla saman strengi.

„Móðir mín var músíkölsk kona sem elskaði meðal annars óperur og það er algerlega tímabært að ég komi til hennar heimalands og haldi tónleika," segir hin vesturíslenska Kathleen Kajioka barokkfiðluleikari sem ásamt kanadíska semballeikaranum Olivier Fortin leikur í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í kvöld. Á efnisskránni eru sónötur eftir Johann Sebastian Bach og tónverk eftir Arcangelo Corelli, François Couperin og Giovanni Paolo Cima.

Þetta er í fyrsta skipti sem Kathleen Kajioka og Olivier Fortin spila tvö saman og þetta eru líka fyrstu tónleikar Kathleen Kajioka á Íslandi. Hún hefur þó oft komið til landsins áður að heilsa upp á ættingja sína því móðir hennar var íslensk. Hún hét Sigrún Torfadóttir og var dóttir Önnu Jónsdóttur og Torfa Hjartarsonar, fyrrverandi tollstjóra og sáttasemjara. „Ég hélt upp á fimm ára afmælið hér á landi og dvaldi þá í mánuð,"



**OLIVIER FORTIN OG KATHLEEN KAJIOKA.** Það var íslenskur kunningi Kathleen Kajioka sem benti þeim á tónleikaröðina í Sigurjónssafni en húsið hentar vel þeirra hljóðfærum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

rifjar Kajioka upp og kveðst hafa komið oft síðan, meðal annars í níræðisafmæli afa síns. En Sigrún móðir hennar lést árið 1991 og eftir það segir hún minna um heimsóknir skyldfólksins út. Kathleen Kajioka stundaði fiðlunám við Konunglega tónlistarháskólann í Toronto og Eastman School of Music í Rochester. Hún lærði bæði á barokkfiðlu og lágfiðlu og hefur komið fram á tónleikum víða í Kanada, Bandaríkjunum og Evrópu enda leikur hún jöfnum höndum eldri tónlist, nútímaverk og popptónlist. Hún stjórnar vikulegum útvarpsþætti um tónlist á The New Classical 96.3 FM í Toronto og samkvæmt National Post er hún ein af hæfileikaríkustu tónlistarmönnum Toronto.

Olivier Fortin útskrifaðist með láði frá Tónlistarháskólanum í Québec í Kanada árið 1995 og tók síðar meistaragráðu frá Háskólanum í Montréal. Árið 1997 vann hann til verðlauna í Bach-samkeppninni í Montréal og á Bruges-hátíðinni og ári síðar hlaut hann Capriccio Stravagante-verðlaunin. Hann er eftirsóttur einleikari og hefur ferðast með fjölmörgum kammerhópum um Norður-Ameríku, Evrópu og Austurlönd fjær bæði vegna tónleikahalds og leik á hljómplötur.

Fortin er stofnandi Masques í Montreal, sveit ungra kanadískra hljóðfæraleika og söngvara sem sérhæfir sig í flutningi tónlistar frá 17. og 18. öld. Nú kennir hann við Tafelmusik Summer Institute í Toronto.

- gun


adidas
run in comfort

# Einstök stund fyrir okkur

**Ólafur Björn Loftsson tryggði sér keppnisrétt á Wyndham-meistaramótinu í golfi um helgina. Foreldrar hans eru sömuleiðis miklir golfarar og íhuga að fljúga út til að styðja við bakið á stráknum.**



STOLT Kristín Björnsdóttir og Loftur Ólafsson eru stolt af syni sínum, Ólafi Birni Loftssyni, en hann keppir á Wyndham-meistaramótinu um helgina sem er hluti af bandarísku atvinnumótaröðinni, PGA. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Þetta var bara eins og draumur,“ segir Kristín Björnsdóttir, móðir Ólafs Björns Loftssonar, kylfings úr Nesklúbbnum á Seltjarnarnesi. Ólafur tryggði sér sæti á Wyndham-meistaramótinu í Norður-Karólínu um helgina, en það er hluti af bandarísku mótaröðinni, PGA. Hún er sú sterkasta í heimi en meðal þeirra sem hafa skráð sig til leiks eru Justin Leonard, Jim Furyk, Ernie Els og Vijay Singh, allt kylfingar í fremstu röð. Skjár golf verður með beina útsendingu frá mótinu alla dagana.

Ólafur á ekki langt að sækja hæfileikana í golfi því faðir hans, Loftur Ólafsson, varð Íslandsmeistari í greininni árið 1972 á Grafarholtsvelli í Reykjavík. Loftur og Kristín sátu bæði límd við tölvuna á heimili sínu í Garðabæ á sunnudagskvöldið og náðu sér í beina útvarpslýsingu frá síðustu fjórum holunum á vefsíðunni golfstats.com. „Þetta var öðruvísi en maður hefur átt að venjast en var bara gríðarlega gaman og maður lifði sig vel inn í lýsinguna,“ segir Loftur sem viðurkennir að hafa smitað soninn af golfbakteríunni. Hann hafi hins vegar náð þessum árangri upp á eigin spýtur. Ólafur sagði í samtali við fjölmiðla á sunnudag að hann hefði aldrei púttað jafnvel og Loftur upplýsir að þau hafi verið til vandræða hjá honum. Um helgina small hins vegar allt saman og Ólafur sannaði það sem pabbinn vissi alltaf, að hann væri hörkugóður kylfingur.

Kristín er engin eftirbátur karlanna í golfinu og segist reyndar vera sú sem dregur karlinn út á golfvöll um þessar mundir. „Ég fiktaði aðeins við golfið þegar ég var yngri og var að kynnast Lofti. En svo þegar maður var kominn með börn og vann fulla vinnu þá gafst ekki mikill tími til að stunda íþróttina. Þegar Ólafur byrjaði hins vegar að æfa og fara í keppnisferðalög þá fór mamman náttúrulega alltaf með og þá kom þetta eiginlega bara af sjálfu sér,“ segir Kristín.

Kristín og Loftur viðurkenna að þau séu að skoða þann möguleika að fara út til Bandaríkjanna til að styðja við bakið á stráknum. „Það er enda ekki á hverjum degi sem svona tækifæri gefast og það væri gríðarlega gaman.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Prýðileg með poppinu

Bíó ★★★

**Cowboys and Aliens**

Leikstjóri: Jon Favreau

**Aðalhlutverk:** Harrison Ford, Daniel Craig, Olivia Wilde, Sam Rockwell, Paul Dano, Keith Carradine



Árið 1973 gekk vélknúni kúrekinn Yul Brynner um skemmtigarð og drap mann og annan í kvikmyndinni Westworld, og sannaði það um leið að mögulegt er að blanda saman vestra og vísindaskáldsögu með góðum árangri. Í kvikmyndinni Cowboys and Aliens er þetta reynt eina ferðina enn og í þetta sinn mæta kúrekarnir illskeyttum verum frá fjarlægri plánetu.

Cowboys and Aliens er stórskemmtilegur vestri en ekki nema sæmilegasta vísindaskáldsaga. Hræringurinn er þó nokkuð hressilegur og er það mikið til þeim Daniel Craig og Harrison Ford að þakka. Craig er reyndar þurr og svipbrigðalaus frá upphafi til enda, en það fer persónu hans ágætlega. Harrison Ford er skemmtilegur skúrkur og persóna hans er talsvert safaríkari.

Í myndinni segir prestur nokkur að hann hafi bæði séð góða menn fremja illvirki og illmenni gera góðverk. Þetta þema er rauði þráður myndarinnar. Craig er hetjan, en fortíð hans er vafasöm. Ford er skúrkurinn, en ekki er allt sem sýnist. Þetta er nokkuð vel gert og leikstjórinn Favreau passar sig að falla ekki í hinn varasama væmnispytt.

Það vantar þó einhvern herslumun til þess að myndin geti talist fyrsta flokks ævintýri. Geimverurnar eru óspennandi, kvenhlutverkið með lítið kjöt á beinunum og lokahasarinn er handahófskenndur og draslaralegur. Engu að síður er Cowboys and Aliens prýðileg skemmtun, og sérstaklega í fyrri hálfleik.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Vestrinn Cowboys and Aliens gjörsigrar vísindaskáldsöguna Cowboys and Aliens. Hræran fer þó ágætlega niður með poppinu.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
HÖRKU SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA IRON MAN
M.M.J - kvikmyndir.is
T.V. - kvikmyndir.is
POWERSÝNING KL. 10.00
700 KR.
COWBOYS ALIENS
ÍSLENSKT TAL
SÝND Í 2D OG 3D
950 KR. Í 3D gleraugu seld sér
RubyTuesday
STRUMPARNIR
H.V.A. - FBL
CAPTAIN AMERICA
Þriðjudagur er tilboðsdagur.
BRIDESMAIDS 700 KR.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | 5, 7.30 og 10(POWER) |
| STRUMPARNIR - 3D | 4 og 6 - ISL TAL |
| STRUMPARNIR - 2D | 4 - ISL TAL |
| CAPTAIN AMERICA - 3D | 8 og 10.30 |
| BRIDESMAIDS | 7.30 og 10 |

SAMBÍÓIN
★★★ M.M.J - Kvikmyndir.com
★★★½ „Bráðskemmtilegur hrærigrautur af sci-fi í Spielberg-stíl og klassískum vestra. Craig og Ford eru eitursvalir!“
T.V. - Kvikmyndir.is / Séð og Heyrt
ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
HÖRKU SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA IRON MAN
Hinir einu sönnu Strumpar mæta loksins á hvíta tjaldið og fara á kostum í stærsta ævintýri ársins.
RubyTuesday
STRUMPARNIR
STÓRKOSTLEGAR TÆKNIBRELLUR
RISE OF THE PLANET OF THE APES
HORRIBLE BOSSES
CAPTAIN AMERICA

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | Sýnd í 2D kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| GREEN LANTERN | Sýnd Í 3D kl. 5:30(2D) - 8(3D) - 10.30(3D) | 12 |
| GREEN LANTERN LUXUS VIP | Sýnd í 2D kl. 3 - 8 - 10.30 | VIP |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES LUXUS VIP | Sýnd í 2D kl. 5.30 | VIP |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 3 - 5.30 | L |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 3 - 5.30 | L |
| HARRY POTTER | Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 | Sýnd í 2D kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 3 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN (3D) | Sýnd kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| CARS 2 BÍLAR 2 ÍSLENSKT TAL (2D) | Sýnd kl. 5:40 | L |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER (2D) | Sýnd kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| COWBOY'S & ALIENS | Sýnd kl. 8 - 10:30 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D m/íslensku tali | Sýnd kl. 5:40 | L |
| HORRIBLE BOSSES 2D | Sýnd kl. 8 | 12 |
| CARS 2 2D m/íslensku tali | Sýnd kl. 5:40 | L |
| BAD TEACHER 2D | Sýnd kl. 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| STRUMPARNIR m/ísl tali | kl. 2:30 - 5 | 3D | L |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 14 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 2:30 - 5 | 3D | L |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| STRUMPARNIR m/ísl tali | kl. 2:30 | 2D | L |
| GREEN LANTERN | kl. 8 - 10:45 | 3D | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 2:30 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 5 | 3D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 10:20 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR M/ísl. tali | Sýnd í 3D kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| STRUMPARNIR M/ísl. tali | Sýnd í 2D kl. 3:40 - 5:50 | L |
| GREEN LANTERN | Sýnd í 3D kl. 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | Sýnd í 3D kl. 10:30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 8 - 10.20 | 12 |
| HARRY POTTER | Sýnd í kl. 3D kl. 8 | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. tali | Sýnd í 3D kl. 3 - 5.30 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | Sýnd kl. 5:30 - 8 - 10.30 | 14 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | Sýnd kl. 8 | 12 |
| GREEN LANTERN Sýnd kl. 10:30 (12) | Bílar kl. 5:30 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
STRUMPARNIR
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
T.V. - KVIKMYNDIR.IS / SÉÐ OG HEYRT
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU TALI OG ENSKU TALI Í 2D
RubyTuesday
STRUMPARNIR FARA Á KOSTUM Í ÆVINTÝRI ÁRSINS.
★★★ M.M.J. KVIKMYNDIR.COM
★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS / SÉÐ OG HEYRT
HÖRKU SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA IRON MAN
COWBOYS ALIENS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
LÚXUS midi.is
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
RISE OF THE PLANET OF THE APES
MÖGNUÐ STÓRMYND UM UPPHAFIÐ Á STRÍÐI MANNA OG APA SEM SEINNA MEIR MUN GJÖREYÐA MANNKYNINU.
ÞRÓUN SEM VARÐ AÐ BYLTINGU. midi.is
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
CAPTAIN AMERICA midi.is
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Friends With Benefits midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| COWBOYS AND ALIENS LÚXUS | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.25 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 10.20 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 10.20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 5.40 | L |
| THE SMURFS 2D ENSKA | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.35 | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 - 10.35 | 12 |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 6 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 6 - 10.15 | 12 |



TILBOÐ MÁNAÐARINS Í ÁGÚST
20% AFSLÁTTUR AF COLON CLEANSER OG B-12 VÍTAMÍNI!
ÖRVAR MELTINGUNA
heilsa COLON CLEANSER
heilsa B-12
MEÐ FÓLINSÝRU OG B-6
Apótekið –einfalt og ódýrt
Spönginni • Hólagarði • Skeifunni • Setbergi • Akureyri • www.apotekid.is



BÍÓ★PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS




Staðurinn - Ræktin

# Við bjóðum yfir 100 tíma á viku! Stundatafla á jsb.is

**TT námskeið**

Rétta leiðin til að breyta um lífsstíl, komast í kjörþyngd og gott form. **6 vikna námskeið – 3x í viku – morgun-, dag og kvöldtímar.** Bjóðum sérstaka síðdegistíma fyrir 16-20 ára.

**60 PLÚS**

Líkamsrækt á rólegri nótunum fyrir konur 60 ára og eldri. **9 eða 18 vikna námskeið - 2x í viku - morguntímar.**

**ROPE YOGA WORKOUT**

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Frábær leið til líkamlegrar og andlegrar uppbyggingar. **6 vikna námskeið – 2x í viku – morgun-, hádegis- og síðdegistímar.**

**HOT YOGA**

Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal. Teygjanleiki vöðvanna aukinn, mikill sviti og vellíðan. **6 vikna námskeið – 2x í viku – síðdegis- og kvöldtímar.**

**STOTT PILATES**

Krefjandi æfingakerfi sem miðar að betri líkamsstöðu m.a. með því að styrkja djúpvöðva í kvið og baki og lengja vöðva. **6 vikna námskeið – 2x í viku – morgun- og síðdegistímar.**

**Opna kerfið**

Opnir tímar með fjölbreytilegri líkamsrækt frá morgni til kvölds 6 daga vikunnar. Þrek, þol, liðleiki, pallar, lotuþjálfun, tabata dansívaf ... eitthvað fyrir alla! **ATH!** Nýir tímar í heitum sal, sérstakir miðjutímar ofl.

**BM MÓTUN**

Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur - aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Aðeins 15 í hóp. **6 vikna námskeið 2x í viku – morgun- og síðdegistímar.**

**S&S stutt og strangt**

Markvissar æfingar í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi. Hámark 6 í hóp. Tilvalin leið til að koma sér í gang! **2 vikna námskeið – 5x í viku.**

**Þú getur strax byrjað að æfa!**

Um leið og þú skráir þig á námskeið og greiðir fyrir það geturðu strax byrjað að sækja tíma í opna kerfinu okkar og tækjasal þar til námskeiðið hefst.

**Sjá nánar á www.jsb.is**

**Öllum námskeiðum fylgir frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal!**

**Velkomin í okkar hóp!**

**DANSRÆKT JSB**

leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# sport

sport@frettabladid.is



**GUÐMUNDUR STEINARSSON** bætti í gær markamet Keflavíkur er hann skoraði sitt 73. mark í efstu deild fyrir félagið frá upphafi. Gamla metið átti faðir hans, Steinar Jóhannsson. Guðmundur bætti einnig leikjamet Keflavíkur í gær. Hann lék þá sinn 215. leik í efstu deild og bætti þar með met Sigurðar Björgvinssonar.

## PEPSI-DEILDIN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **12** | **9** | **3** | **0** | **28-9** | **30** |
| ÍBV | 14 | 9 | 2 | 3 | 22-12 | 29 |
| **FH** | **15** | **8** | **4** | **3** | **31-19** | **28** |
| Valur | 15 | 8 | 4 | 3 | 23-12 | 28 |
| **Stjarnan** | **15** | **6** | **5** | **4** | **30-24** | **23** |
| Fylkir | 15 | 5 | 4 | 6 | 22-27 | 19 |
| **Keflavík** | **14** | **5** | **2** | **7** | **18-20** | **17** |
| Þór | 14 | 5 | 2 | 7 | 21-28 | 17 |
| **Breiðablik** | **15** | **4** | **4** | **7** | **22-28** | **16** |
| Grindavík | 15 | 4 | 4 | 7 | 19-29 | 16 |
| **Fram** | **15** | **1** | **5** | **9** | **9-22** | **8** |
| Víkingur | 15 | 1 | 5 | 9 | 13-28 | 8 |

*Umferðinni lýkur á fimmtudagskvöldið með leik Þórs og KR sem hefst kl. 19.15.*

**Víkingur 1-2 FH**

Víkingsvöllur, áhorf.: 1.115 Vilhjálmur Þórarinsson (7)

*0-1 Emil Pálsson (18.)*
*1-1 Helgi Sigurðsson (25.)*
*1-2 Björn Daníel Sverrisson, víti (28.)*
*1-3 Matthías Vilhjálmsson (89.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–17 (7–7) |
| Varin skot | Magnús 4 – Gunnleifur 4 |
| Horn | 3–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 20–14 |
| Rangstöður | 4–2 |

| **VÍKINGUR** 4–4–2 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Magnús Þormar | 6 | Gunnleifur Gunnl. | 7 |
| Kristinn J. Bjartmarss. | 4 | Guðm. Sævarsson | 6 |
| Gunnar Einarsson | 3 | (74. Ásgeir Gunnar | -) |
| (33. Egill Atlason | 4) | Pétur Viðarsson | 3 |
| Mark Rutgers | 5 | Freyr Bjarnason | 4 |
| Hörður S. Bjarnason | 3 | Viktor Örn Guðm. | 5 |
| (65. Viktor Jónsson | 2) | Björn Daníel Sverr. | 7 |
| Baldur Aðalsteinsson | 3 | Hólmar Örn Rúnarss. | 6 |
| Colin Marshall | 6 | Emil Pálsson | 6 |
| Kristinn Magnússon | 4 | (52. Tommy Nielsen | 6) |
| (62. Walter Hjaltest. | 3) | Ólafur Páll Snorrason | 8 |
| Sigurður E. Lárusson | 6 | (85. Atli Viðar Bjö. | -) |
| Björgólfur Takefusa | 5 | Atli Guðnason | 8 |
| Helgi Sigurðsson | 4 | ***Matthías Vilhj.** | **8** |

**Maður leiksins*

Man. City byrjar vel:

## Agüero með tvö

**FÓTBOLTI** Sergio Agüero byrjaði feril sinn í ensku úrvalsdeildinni vel en hann skoraði tvö mörk í 4-0 sigri Manchester City gegn nýliðum Swansea í ensku úrvalsdeildinni í gær.

Agüero kom inn á sem varamaður í stöðunni 1-0 en þá hafði Edin Dzeko komið City yfir. Hann skoraði stuttu síðar, lagði svo upp mark fyrir David Silva og innsiglaði svo sigurinn með þrumufleyg utan vítateigs rétt fyrir leikslok. Sannarlega draumabyrjun hjá Argentínumanninum. **- esá**

**Stjarnan 2-2 Fram**

Stjörnuvöllur, áhorf.: 642 Magnús Þórisson (4)

*1-0 Garðar Jóhannsson (16.)*
*1-1 Steven Lennon (20.)*
*1-2 Almarr Ormarsson (25.)*
*2-2 Halldór Orri Björnsson (89.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–8 (6–6) |
| Varin skot | Ingvar 4 – Ögmundur 4 |
| Horn | 5–0 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–12 |
| Rangstöður | 5–9 |

| **STJARNAN** 4–3–3 | | **FRAM** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Jónsson | 6 | Ögmundur Kristinss. | 7 |
| Jóhann Laxdal | 6 | Daði Guðmundsson | 6 |
| Tryggvi Bjarnason | 6 | Hlynur Atli Magnúss. | 6 |
| (46. Atli Jóhannsson | 6) | Allan Lowing | 5 |
| Nikolaj Pedersen | 5 | Sam Tillen | 6 |
| Hörður Árnason | 5 | Jón G. Eysteinsson | 4 |
| (62. Hafsteinn Rúnar | 2) | Halldór H. Jónsson | 8 |
| Þorvaldur Árnason | 4 | Samuel Hewson | 6 |
| Ellert Hreinsson | 4 | Almarr Ormarsson | 6 |
| ***Halldór O. Björnss.** | **8** | (83. Hólmbert Aron | -) |
| Daníel Laxdal | 7 | Kristinn Ingi Halld. | 6 |
| Ólafur Karl Finsen | 5 | Steven Lennon | 5 |
| (68. Víðir Þorvarð. | 5) | (66. Orri Gunnarss. | 4) |
| Garðar Jóhannsson | 7 | | |

**Maður leiksins*



**STRÍÐSDANS** Eyjamenn fagna góðum sigri í Kópavoginum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# PEYJASIGUR Í KÓPAVOGI

**Ian Jeffs tryggði ÍBV öll þrjú stigin er hann skoraði sigurmarkið gegn Íslandsmeisturum Breiðabliks í gær. Eyjamenn halda því pressunni á KR á toppi deildarinnar en Blikarnir eru sem fyrr í vandræðum í neðri hluta deildarinnar.**

**FÓTBOLTI** Eyjamenn unnu nokkuð sannfærandi sigur á Blikum, 2-1, á Kópavogsvelli í gær, en það virðist lítið ganga hjá Íslandsmeisturunum þessa dagana.

Eyjamenn komust yfir þegar stundarfjórðungur var liðinn af leiknum en þá skoraði Kevin Mellor frábært mark með skoti utan teigs. Heimamenn náðu að jafna metin tíu mínútum seinna þegar Kristinn Steindórsson skoraði laglegt mark eftir frábæran undirbúning frá Guðmundi Kristjánssyni. Ian Jeffs skoraði síðan annað mark Eyjamanna eftir um klukkustundar leik, en þá slapp þessi snjalli leikmaður einn í gegnum vörn Breiðabliks og renndi boltanum snyrtilega fram hjá Ingvari Kale í marki Blika. Niðurstaðan því Peyjasigur í Kópavogi.

„Þetta var erfiður leikur í kvöld enda eru Blikar með flott lið þótt taflan sýni annað,“ sagði Tryggvi Guðmundsson, leikmaður ÍBV, eftir sigurinn á Breiðablik í gær.

„Við vorum mun duglegri í kvöld en í síðustu umferð og uppskárum eftir því. Ef baráttan er til staðar í liðinu þá vinnum við flest alla leiki. Eyjamenn unnu vel hver fyrir annan í kvöld og renndu sér í alla bolta. Við þurftum að vinna þennan leik í kvöld til að setja einhverja spennu í þetta Íslandsmót og einhverja pressu á KR-ingana,“ sagði Tryggvi.

„Það er gríðarlega svekkjandi að tapa þessum leik,“ sagði Kári Ársælsson, fyrirliði Blika, eftir ósigurinn gegn Eyjamönnum í gær.

„Eyjamenn sýndu í kvöld hversu sterkir þeir eru í raun og veru sem sést á því hvar þeir eru staddir í deildinni. Mér fannst við leggja okkur mikið fram, berjast og djöflast en þeir skoruðu tvö mörk og við aðeins eitt. Við náðum að jafna metin og áttum möguleika á því að ná meiru út úr þessum leik en það vantar einhvern þéttleika í liðið“.

„Við erum að rembast og reyna að vera með í þessari baráttu um Íslandsmeistaratitilinn, því var þessi sigur virkilega mikilvægur,“ sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, eftir leikinn í gær.

„Við byrjuðum þennan leik vel og settum Blikana strax í ákveðin vandræði. Blikar komu sterkir til baka um miðjan fyrri hálfleik, en síðan í þeim síðari þá tökum við völdin á vellinum og náðum að innbyrða fínan sigur.“ **- sáp**

**BREIÐABLIK 1-2 ÍBV**

*0-1 Kelvin Mellor (15.)*
*1-1 Kristinn Steindórsson (23.)*
*1-2 Ian Jeffs (60.)*

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.233
Dómari: Þorvaldur Árnason (8)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 6–7 (4–4) |
| Varin skot | Ingvar 1 – Albert 3 |
| Horn | 2–0 |
| Aukaspyrnur fengnar | 7–18 |
| Rangstöður | 2–2 |

**Breiðablik 4–3–3** Ingvar Kale 6 – Guðm. Kristjánsson 7, Kári Ársælsson 4, Þórður St. Hreiðarss. 4, Kristinn Jónsson 5 – Finnur Margeirss. 5 (88. Andri Rafn -), Jökull Elísabetars. 6, Árni Vilhjálmss. 5 – Rafn Andri Har. 6 (70. Tómas Óli Garð. 5), Kristinn Steindórsson 6, Dylan Macallister 5 (83. Viktor Unnar -).

**ÍBV 4–3–3** Albert Sævarss. 6 – Kelvin Mellor 7, Andri Ólafsson 6, Rasmus Christiansen 7, Matt Garner 6 – Finnur Ólafsson 7, Guðm. Þórarinss. 5 (68. Aaron Spear 4), ***Ian Jeffs 8** (81. Brynjar Gauti Guðj. -) – Tony Mawejje 6, Þórarinn Ingi Vald. 7, Tryggvi Guðm. 7 (88. Yngvi Borgþórsson -).



**MARKAHETJA** Kolbeinn setti tvö í sínum fyrsta Valsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

Kolbeinn með tvö fyrir Val:

## Framherjinn fundinn hjá Val

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Kárason nýtti sínar fyrstu mínútur í Pepsi-deildinni frábærlega og skoraði tvö mörk í fyrri hálfleik í 3-1 sigri Vals á Fylki í gær. Þetta var fyrsti sigur Vals síðan í byrjun júlí og það útspil Kristjáns Guðmundssonar að henda nýliða í byrjunarliðið heppnaðist fullkomlega.

„Það kom svolítið á óvart að vera í byrjunarliðinu því ég var ekki í hópi í síðasta leik. Ég vona að ég fái líka að vera í byrjunarliðinu í næsta leik því ég stimplaði mig ágætlega inn,“ sagði Kolbeinn kátur eftir leik.

„Þetta var vissulega áhætta en við erum búnir að vinna vel í hans málum. Við vorum búnir að ræða það við hann að hann fengi tækifærið. Við vildum bara bíða eftir því rétta. Það var frábært hjá honum að gera þetta og hann olli varnarmönnum Fylkis miklum erfiðleikum,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Vals. **- óój**

**Valur 3-1 Fylkir**

Vodafone-völl., áhorf.: 928 Kristinn Jakobsson (7)

*1-0 Kolbeinn Kárason (19.)*
*2-0 Guðjón Pétur Lýðsson (37.)*
*3-0 Kolbeinn Kárason (45.)*
*3-1 Valur Fannar Gíslason (52.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–7 (6–2) |
| Varin skot | Sindri Snær 1 – Fjalar 3 |
| Horn | 7–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–8 |
| Rangstöður | 1–1 |

| **VALUR** 4–3–3 | | **FYLKIR** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Sindri Snær Jensson | 6 | Fjalar Þorgeirsson | 6 |
| Jónas Tór Næs | 8 | Trausti Bj. Ríkharðss. | 5 |
| Atli Sveinn Þórarinss. | 6 | (63. Ásgeir Ö. Arnþ. | 5) |
| Halldór Kr. Halldórss. | 6 | Þórir Hannesson | 4 |
| Pól J. Justinussen | 5 | Valur Fannar Gíslason | 4 |
| Haukur Páll Sigurðss. | 6 | Kj. Ágúst Breiðdal | 5 |
| (67. Sigurbjörn Hr. | 5) | Gylfi Einarsson | 4 |
| Guðjón Pétur Lýðss. | 7 | (76. Andri Már Herm. | -) |
| Andri F. Stefánsson | 7 | Á. Börkur Ásgeirsson | 4 |
| Matthías Guðm. | 7 | Tómas Þorsteinsson | 4 |
| Jón Vilhelm Ákason | 5 | Ingimundur Níels Ó. | 6 |
| (62. Ingólfur Sig. | 4) | Albert B. Ingason | 3 |
| ***Kolbeinn Kárason** | **8** | Jóhann Þórhallsson | 2 |
| (80. Arnar Sveinn G. | -) | (46. Hjörtur Herm. | 7) |

**Maður leiksins*

Halldór Orri Björnsson sá til þess að Fram þarf að bíða enn eftir því að rjúfa tíu stiga múrinn:

# Lánlausir Framarar á leið í fyrstu deildina

**FÓTBOLTI** „Staðan er auðvitað slæm. Mjög slæm. En það er ekkert hægt að hætta, menn verða að mæta áfram og spila fótboltaleiki,“ sagði súr og svekktur Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, eftir að liðið hans glutraði niður forystu á síðustu mínútunni gegn Stjörnunni í gær. Halldór Orri Björnsson skoraði þegar 90 mínútur voru komnar á klukkuna og jafnaði í 2-2. Grindavík vann sinn leik og því er staða Fram orðin slæm, verulega slæm.

En leikurinn byrjaði fjörlega og var nánast stanslaust partý allan fyrri hálfleikinn. Garðar Jóhannsson skoraði eitt af mörkum tímabilsins strax eftir stundarfjórðung þegar hann negldi boltanum inn rétt fyrir utan vítateig. En Framarar jöfnuðu með marki Stevens Lennon eftir 20 mínútur og Almarr Ormarsson kom Fram yfir eftir 25 mínútur. Já, svakaleg veisla í Garðabæ.

Og fjörið hélt áfram og menn hreinlega skemmtu áhorfendum með mögnuðum leik. En síðari hálfleikur var rólegri, miklu rólegri. Stjörnumenn fóru að spila háloftabolta og það var átakanlegt að horfa á góða fótboltamenn ekki þora að taka meira en eina snertingu. Enda var Garðar Jóhannsson pirraður eftir leik. Hann reyndi allan leikinn en fékk úr engu að moða. Þegar öll von virtist úti fyrir Stjörnumenn tók Halldór Orri sig til, spólaði sig í gegnum einhverja sjö Framara og skoraði ótrúlegt mark. 2-2 og niðurstaðan trúlega sanngjörn.

„Mér fannst við vilja þetta meira en við klikkum úr nokkrum dauðafærum,“ sagði hetjan Halldór Orri eftir leik. „Það hefði náttúrulega verið skelfilegt að tapa hér á heimavelli fyrir neðsta liðinu,“ bætti þessi magnaði leikmaður við. „Við fáum færi í fyrri hálfleik til að klára þennan leik en eins og þetta hefur verið að spilast í sumar þá höfum við ekki verið að nýta okkar sénsa. Þegar menn eru ekki að klára leikina og ná í þessi stig þá erum við ekki ofar í deildinni. Það er bara þannig,“ sagði Þorvaldur og engu við það að bæta. Framarar eru á leið í 1. deild – því miður. **- bbh**



**ÞORVALDUR** Hefur eðlilega áhyggjur af stöðu mála en segir sína menn verða bara að halda áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FH vann sanngjarnan sigur á nýliðum Víkings í Fossvoginum í gær:

# FH-ingar komnir á góðan skrið

**FÓTBOLTI** FH sótti þrjú stig í Fossvoginn þegar liðið lagði Víkinga 3-1. FH-ingar sýndu á köflum frábæra spilamennsku og liðið heldur sigurgöngu sinni áfram en liðið hefur unnið fjóra leiki í röð. Víkingar eru í slæmum málum á botni deildarinnar.

Hafnfirðingar yfirspiluðu Víkinga oft á tíðum í fyrri hálfleiknum. Þeir uppskáru fallegt mark Emils Pálssonar og vítaspyrnu sem Björn Daníel Sverrisson skoraði úr. Í millitíðinni tókst Helga Sigurðssyni að jafna metin með skalla eftir aukaspyrnu.

„Mér fannst við byrja þennan leik mjög vel og létum boltann ganga í fáum snertingum. Förum út á vængina og skoruðum fín mörk. Við misstum þó aðeins einbeitinguna í aukaspyrnunni,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH.

Marki yfir og miðað við þróunina í leiknum virtist ekkert stefna í annað en öruggan FH-sigur. Víkingar fengu þó líflínu þegar Pétur Viðarsson skallaði Björgólf Takefusa og sá réttilega rautt spjald. Annan leikinn í röð tókst Víkingum ekki að nýta sér liðsmuninn.

„Það vantaði alla baráttu, allan karakter og allan vilja í okkar lið í kvöld. Það er það sem við höfum náð út úr liðinu síðan við tókum við en það var svo sannarlega ekki hérna í kvöld. Það var hrikalega svekkjandi að horfa upp á það,“ sagði Bjarnólfur Lárusson, þjálfari Víkings.

FH-ingar voru ekki síðri aðilinn í opnum og skemmtilegum síðari hálfleik en bættu þó ekki við þriðja markinu fyrr en undir lokin. Þá skoraði Matthías Vilhjálmsson af stuttu færi.

Sanngjarn sigur sprækra FH-inga en Bjarnólfur þjálfari Víkings kaus að hleypa sínum mönnum ekki í viðtöl eftir leikinn. **- ktd**



**EMIL FAGNAR** Emil Pálsson skoraði fyrsta mark FH í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÞJÁLFARINN** Ólafur Örn Bjarnason og lærisveinar hans unnu þrjú mikilvæg stig í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Dramatískur sigur:

## Grindavík upp að hlið Blika

**FÓTBOLTI** Grindavík vann dramatískan sigur á nágrönnum sínum í Keflavík á útivelli í gær, 2-1 með sigurmarki mínútu fyrir leikslok úr eina skoti sínu í seinni hálfleik.

„Eins og staðan er í dag þá er númer eitt tvö og þrjú að fá stig og ef þú færð ágætisleik er það jákvætt. Þetta var erfitt í seinni hálfleik með vindinn í bakið og þeir komu hátt á okkur. Við náum aldrei að rúlla boltanum og vorum þvingaðir til að sparka langt fram sem er ekki uppskrift til árangurs með vindinn í bakið en menn kláruðu færið sitt inni í teig,“ sagði Ólafur Örn Bjarnason, þjálfari Grindavíkur, í leikslok en Grindavík er nú átta stigum frá fallsæti og með jafnmörg stig og Íslandsmeistarar Breiðabliks. **- gmi**

**Keflavík 1-2 Grindavík**

Keflavíkurvöllur, áhorf.: 725 — Þóroddur Hjaltalín (6)

*0-1 Orri Freyr Hjaltalín (19.)*
*1-1 Guðmundur Steinarsson (27.)*
*1-2 Óli Baldur Bjarnason (89.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–5 (6–3) |
| Varin skot | Ómar 1 – Óskar 5 |
| Horn | 1–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–9 |
| Rangstöður | 1–6 |

| KEFLAVÍK 4–4–2 | | GRINDAV. 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 4 | ***Óskar Pétursson** | **8** |
| Guðjón Árni Ant. | 6 | Matthías Örn Friðr. | 5 |
| Ásgrímur Rúnarsson | 5 | Ólafur Örn Bjarnason | 7 |
| Haraldur Freyr Guðm. | 7 | Jamie McCunnie | 7 |
| Viktor S. Hafsteinsson | 4 | Alexander Magnúss. | 6 |
| Magnús Sv. Þorst. | 5 | Orri Freyr Hjaltalín | 6 |
| (93. Ómar Karl Sig. | -) | (75. Haukur Ingi G. | -) |
| Andri Steinn Birgiss. | 6 | Jóhann Helgason | 7 |
| Arnór Ingvi Traustas. | 5 | Bogi Rafn Einarsson | 5 |
| Magnús Þórir Matt. | 5 | Scott Ramsay | 3 |
| (93. Magnús Þór | -) | (64. Óli Baldur Bj. | 6) |
| Hilmar Geir Eiðsson | 4 | Robert Winters | 5 |
| Guðm. Steinarsson | 7 | Derek Young | 3 |
| | | (86. Magnús Björgv. | -) |

*Maður leiksins




## > Ricky Gervais

„Það er margt sem fer í taugarnar á mér. Ég þoli ekki þegar fólk rispar matardiska og sötrar súpuna sína. Ég þoli ekki að bíða í röðum. Ég hata þegar fólk talar án þekkingar um The Lord of the Rings og þegar fólk flautar. Ég er samt ekki svona af því að ég er frægur heldur hef ég alltaf verið geðillur fantur."

***Ricky Gervais leikur í gamanmyndinni Ghost Town, sem fjallar um mann sem getur átt í samskiptum við drauga og er myndin sýnd á Stöð 2 bíói kl. 16.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ER HRIFIN AF LITLUM SNILLINGUM OG DÓRU

# *Komiði, Let´s go, allir saman af stað …*

Dóttir mín syngur þessa setningu hástöfum í tíma og ótíma. Hún er þriggja ára og farin að tala tungum. Segir mömmu sinni stundum að „hurry up" og veit líka að Dóra landkönnuður kallar ömmu sína „grandma".

Stundum gerir hún það líka. Við litla ánægju íslenskufræðinga fjölskyldunnar, sem berjast við ungu kynslóðina og reyna að venja hana af slangri og þágufallssýki. Nú snúa þau sér að litla þriggja ára barninu sem skilur ekkert, enda Dóra í guðatölu og hennar orð heilagur sannleikur.

Barnaefni er snúin dagskrárgerð og eflaust erfitt að búa til efni sem bæði nær að halda athygli áhorfenda og hentar ólíkum aldurshópum. Sköpurum Dóru og vini hennar Klossa hefur svo sannarlega tekist að finna hina fullkomnu formúlu af endurtekningum, grípandi litum og einföldum söguþræði. Sérstaklega endurtekningarnar: „segiði taska, segiði taska". Ég er viss um að ég er ekki eina foreldrið sem fer í vinnuna með söngva Dóru og Klossa á heilanum.



Stundum þóknast heimasætunni að gefa Dóru greyinu frí og snýr sér þá að fjórum litlum krökkum sem kalla sig Litlu snillingana. Þau kenna barninu allt um Chopin, Beethoven og Mozart, takt og tóna. Ekki amaleg fræðsla fyrir barnið á meðan mamma sýður fiskinn og brýtur saman þvott.

Það er því ekki alslæmt að leyfa barninu að slaka á í hálftíma fyrir framan sjónvarpið eftir annasaman dag í leikskólanum. Maður þarf bara að sía út það góða frá því vonda.

## RÚV

**15.45 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós**
**17.20 Tóti og Patti** (19:52)
**17.31 Þakbúarnir** (18:52)
**17.43 Skúli skelfir** (2:52)
**17.54 Jimmy Tvískór** (12:13)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.30 Laus og liðugur** (1:20)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Að duga eða drepast** (37:41) (Make It or Break It)
**20.45 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
**21.25 Golf á Íslandi** Golfþættir fyrir alla fjölskylduna, þá sem spila golf sér til ánægju og yndisauka og líka þá sem æfa íþróttina af kappi. Þættirnir fjalla um almennings- og keppnisgolf á Íslandi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Winter lögregluforingi – Næstum dauður, seinni hluti** (6:8) (Kommissarie Winter) Sænsk sakamálasyrpa byggð á sögum eftir Åke Edwardson Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Sönnunargögn** (7:13) (Body of Proof) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.40 Men in Black**
**08.15 Liar Liar**
**10.00 Ghost Town**
**12.00 Open Season 2**
**14.00 Liar Liar**
**16.00 Ghost Town**
**18.00 Open Season 2**
**20.00 Men in Black**
**22.00 Cemetery Gates**
**00.00 Brothers of the Head**
**02.00 Cronicle of an Escape**
**04.00 Cemetery Gates**
**06.00 Hancock**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (11:175)
**10.10 Wonder Years** (7:23)
**10.40 The Bill Engvall Show** (3:12)
**11.05 Monk** (6:16)
**11.50 Flipping Out** (6:9)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (1:39)
**14.20 American Idol** (2:39)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (20:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (23:24)
**19.40 Modern Family** (14:24)
**20.05 Two and a Half Men** (1:16)
**20.30 The Big Bang Theory** (20:23) Þriðja serían af þessum stórskemmtilega gamanþætti um ævintýri nördanna viðkunnanlegu Leonard og Sheldon. Þrátt fyrir að hafa lært mikið um samkipti kynjanna hjá Penny, glæsilegum nágranna þeirra eiga þeir enn langt í land.
**20.50 How I Met Your Mother** (21:24) Í þessari fimmtu seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.
**21.15 Bones** (20:23)
**22.00 Come Fly With Me** (1:6)
**22.30 Entourage** (7:12)
**22.55 Daily Show: Global Edition**
**23.20 Hot In Cleveland** (4:10)
**23.45 Cougar Town** (4:22)
**00.10 Off the Map** (10:13)
**00.55 Ghost Whisperer** (21:22)
**01.40 True Blood** (3:12)
**02.35 Copying Beethoven**
**04.15 NCIS: Los Angeles** (16:24)
**04.55 Nip/Tuck** (10:19)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin**
**15.30 Breiðablik - ÍBV**
**17.20 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**18.35 Arsenal - Udinese** Bein útsending frá leik Arsenal og Udinese í umspili Meistaradeildar Evrópu. Þetta er fyrri leikur liðanna.
**20.45 Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**21.10 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífstíl og matarmennsku í veiði.
**21.30 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá einvíginu á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki voru.
**22.25 OneAsia Tour - Highlights**
**23.20 Arsenal - Udinese**
**01.05 Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. City - Swansea** Útsending frá leik Manchester City og Swansea City í ensku úrvalsdeildinni.
**16.15 Blackburn - Wolves** Útsending frá leik Blackburn og Wolves í ensku úrvalsdeildinni.
**18.05 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.00 Stoke - Chelsea** Útsending frá leik Stoke City og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 WBA - Man. Utd.** Útsending frá leik West Bromwich Albion og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
**22.40 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.10 Newcastle - Arsenal** Útsending frá leik Newcastle United og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.10 Dynasty** (19:28)
**18.00 Rachael Ray**
**18.45 America's Funniest Home Videos** (5:50) (e)
**19.10 Whose Line is it Anyway?** (33:42)
**19.35 Survivor** (14:16)
**20.15 Survivor** (15:16)
**21.00 How To Look Good Naked** (7:8) Stílistinn geðþekki Gok Wan brýtur múra útlitsdýrkunar og aðstoðar ólíkar konur við að finna ytri sem innri fegurð. Antoinette sigraðist nýlega á brjóstakrabbameini en hefur í kjölfarið glímt við feimni og einangrun. Hinn ófeimni Gok Wan hjálpar henni að sigrast á óframfærninni.
**21.50 In Plain Sight** (7:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hörkukvendi og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Nýjasta vitni Mary var hluti af gengi sem braskaði ólöglega með veð í fasteignum.
**22.35 The Good Wife** (14:23) (e) Endursýningar frá byrjun á fyrstu þáttaröðinni um góðu eiginkonuna Aliciu. Alicia ver mann sem er grunaður um að hafa myrt barnapíu á heimili sínu. Réttarhaldið yfir Peter heldur áfram og Childs þvingar Kalindu til að bera vitni gegn honum.
**23.20 Dexter** (2:12) (e) Endursýningar frá byrjun á fjórðu þáttaröðinni um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið.
**00.10 CSI: New York** (9:22) (e) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í tæknideild lögreglunnar í New York. Líkfundur í Central Park sviptir hulunni af gömlu hneykslismáli sem teygir anga sína víða.
**01.00 Shattered** (8:13) (e)
**01.50 Smash Cuts** (21:52) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.10 PGA Championship 2011** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 PGA Championship 2011** (1:4)
**18.00 Golfing World**
**18.50 World Golf Championship** (4:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (26:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Grey's Anatomy** (16:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu tekur stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Love Bites** (1:8) Frábærir rómantískir gamanþættir þar sem allt er látið flakka um nútímaástarsambönd frá framleiðendum Sex and the City, Love Actually og Bridget Jones Diary um ástina og allt það brjálæði sem hún fær okkur til að gera.
**22.30 Nikita** (22:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem rænur til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum. Njósnakvendið Nikita flýr þjónustuna og hyggur á hefndir, það reynist henni þrautin þyngri þar sem yfirmenn hennar senda sína bestu menn á eftir henni.
**23.20 Weeds** (6:13) Gamanþættir um ekkjuna og eiturlyfjasalann Nancy Bowden.
**23.50 Taxicab Confessions: New York**
**00.50 Grey's Anatomy** (16:24)
**01.35 The Doctors** (2:175)
**02.15 Sjáðu**
**02.40 Fréttir Stöðvar 2**
**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**21.00 Bæjarstjórnarfundur** Útsending frá bæjarstjórnarfundi frá því fyrr um daginn.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Alltaf eitthvað nýtt í brennidepli.
**21.00 Græðlingur** Gurrý og grænir fingur.
**21.30 Svartar tungur** Þingmenn á ferð og flugi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.05**

**Come Fly With Me**

Glæný og bráðfyndin þáttaröð frá snillingunum sem færðu okkur Little Britain, þeim Matt Lucas og David Walliams. Þeir bregða sér í yfir fimmtíu gervi og gera grín að öllu því sem fram fer á alþjóðlegum flugvelli þar sem ýmsir furðufuglar skjóta upp kollinum.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Við sjávarsíðuna **14.00** Fréttir **14.03** Mixtúra **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Firðir **20.00** Leynifélagið **20.30** Stimpilklukkan **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Útvarpsleikhúsið: Fígaró, Rósinkranz og Símonar **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**10.25** EastEnders **10.55** Keeping Up Appearances **11.25** Monarch of the Glen **12.15** Keeping Up Appearances **12.50** Dalziel and Pascoe **13.40** Dalziel and Pascoe **14.30** Deal or No Deal **15.05** Deal or No Deal **15.40** Deal or No Deal **16.15** Keeping Up Appearances **16.45** ,Allo ,Allo! **17.10** ,Allo ,Allo! **17.40** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.10** The Graham Norton Show **23.55** QI

### DR 1

**13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Klassen 2.b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Lille Nørd **15.00** Kærlighed i ukendt land **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag **18.30** Kender du typen **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Damages **20.25** Camilla Läckbergs Ulykkesfuglen **21.25** Camilla Läckbergs Ulykkesfuglen **22.25** Verdens værste naturkatastrofer **04.00** Rasmus Klump

### NRK 1

**11.05** Norge rundt **11.30** Høyere enn himmelen **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Glimt av Norge **14.55** VM orientering **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 90-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Australias villmark **18.00** Storbritannias kongelige brylluper **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Lyngbø og Hærlands Big Bang **21.05** Kveldsnytt **21.20** Elskerinner **22.15** Fredag i hagen **22.45** Australias villmark **23.15** Jon Dore-show

### svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Minnenas television **15.00** Elvis. Tillbaka till Tupelo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Schlagerpärlor **17.05** En man och hans bil **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Kommissarie Montalbano **20.45** Danska mord **21.25** Freezing **21.55** Sommarmord **22.25** Rapport **22.30** Big Mommas hus 2 **00.10** Rapport **00.15** En andra chans **00.45** Svaleskär








512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## FÉSBÓKIN



*„Játning: Er forfallinn aðdáandi rússnesku hljómsveitarinnar T.a.t.U. Furðulegt hvað rússneska kemur flott út í söng.“*

Teitur Atlason bloggari.

# Jólin komu snemma í ár með sigri KR

„Við vorum að grínast með að salan þetta eina kvöld hefði verið meiri en allan júlímánuð,“ segir Hafsteinn Egilsson, vert á Rauða ljóninu á Eiðistorgi.

Veitingastaðurinn er heimavöllur stuðningsmanna KR sem stigu trylltan sigurdans á laugardagskvöldið þegar félagið tryggði sér bikarmeistaratitilinn eftir sigur á Þór frá Akureyri. Hafsteinn segist ekki hafa nákvæma tölu á því hversu margir hafi skemmt sér á veitingastaðnum og torginu fyrir framan en giskar á þúsund manns.

KR-ingar máttu þola háðulega útreið í úrslitaleiknum í fyrra þegar liðið steinlá fyrir FH en mikill meðbyr hefur verið í svart/hvítu-seglin á þessu ári. Liðið hefur ekki tapað leik á tímabilinu og KR-ingar eygja margir hverjir þá von að félaginu takist að landa Íslandsmeistaratitlinum 1. október þegar það mætir erkifjendunum í Val. Hafsteinn er engin undantekning þar á. „Ég sagði mönnum að veislan á laugardaginn væri bara upphitun, aðalveislan yrði í október.“

Veitingamaðurinn átti jafnframt ekki orð yfir liðið sjálft sem hann segir að rækti samband sitt við stuðningsmenn liðsins á einstakan hátt. „Þeir komu upp á svið á laugardagskvöldið, sungu með fólkinu sínu og voru algjörlega til fyrirmyndar.“ **- fgg**




**SÁTTUR** Hafsteinn Egilsson, vert á Rauða ljóninu, er sáttur við laugardagskvöldið þegar KR-ingar fylltu staðinn í sigurvímu. Hann segir kvöldið þó bara vera upphitun fyrir 1. október. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**REYNSLUNNI RÍKARI** Allt á fullu fyrir lokakvöld Reykjavík Runway, að sögn Ingibjargar Grétu Gísladóttur, framkvæmdastjóra keppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Læti á lokasprettinum í Reykjavík Runway

„Hér er allt á fullu og mikill hamagangur að ganga frá síðustu smáatriðum fyrir úrslitin,“ segir Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri keppninnar Reykjavík Runway, en úrslitakvöldið er á fimmtudaginn.

Reykjavík Runway er fyrirtæki sem vinnur að því að koma íslenskum fatahönnuðum á markað hér heima sem erlendis. Í sumar fór fyrirtækið af stað með fatahönnunarkeppni þar sem fjögur íslensk merki, Ziska, Rosa – Bryndís, EYGLÓ og Shadow Creatures, keppa um að eiga bestu sumarlínuna 2012.

Úrslitakvöldið verður haldið í Hafnarhúsinu þar sem ofangreindir hönnuðir sýna afrakstur vinnu sinnar í sumar og dómnefnd frá Fatahönnunarfélagi Íslands velur sigurvegarann. Verðlaunin eru meðal annars hálf milljón í peningum og að feta í fótspor Karls Lagerfeld og Manolo Blahnik með því að hanna útlit á Coke Light flösku.

„Ég fór um helgina og heimsótti stúlkurnar, tók stöðuna og faðmaði þær allar. Núna er allt á suðupunkti og margt sem hefur verið að koma upp á síðustu daga,“ segir Ingibjörg en til dæmis sátu flíkurnar frá hönnunarteyminu Rosa – Bryndís fastar í tollinum á föstudaginn. „Það skapaðist smá stressástand því stúlkurnar voru búnar að skipuleggja myndatöku um helgina. Sem betur fer redduðu þær þessu á endanum.“

Harpa Einarsdóttir sem hannar undir merkinu Ziska og Eygló Lárusdóttir lentu líka í vandræðum með að fá efnin sín til landsins. „Harpa fékk efnin á föstudaginn og er búin að sitja sveitt við að sauma alla helgina. Eygló er hins vegar að vonast eftir að fá sín í dag,“ segir Ingibjörg og bætir við að allt starfsfólk Reykjavík Runway og keppendur séu reynslunni ríkari eftir sumarið.

Það eru allir velkomnir á úrslitakvöldið, á meðan húsrúm leyfir, Keppnin hefst klukkan 20.20. **- áp**




The Academy of Colour and Style

ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textíll. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textíll | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textíl, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is


GUÐMUNDUR INGI ÞORVALDSSON: BEÐIÐ EFTIR RÉTTA HLUTVERKINU

# Tökulið Game of Thrones væntanlegt hingað í vetur

Tökur á einum umtalaðasta þætti Bandaríkjanna um þessar mundir, Game of Thrones, munu fara fram að hluta til hér á Íslandi í lok þessa árs. Þetta kom fram í máli eins aðalleikara þáttanna, Kit Harrington. Harrington sat fyrir svörum á myndasöguhátíðinni ComicCon í lok júlí og upplýsti þar að hann fengi að kynnast alvörukulda á Íslandi. „Það var kalt síðast en nú förum við til Íslands. Og það verður sko kalt,“ hefur vefsíðan Access Hollywood eftir honum.

Game of Thrones hafa slegið í gegn í Bandaríkjunum en það er sjónvarpsrisinn HBO sem framleiðir þættina. Þeir eru byggðir á sögum George R. R. Martin og hafa fengið mikið lof fyrir nálgun sína. Orðrómurinn um að Ísland yrði einn af tökustöðum annarrar þáttaraðar hefur lengi verið á kreiki en hann skaut fyrst upp kollinum í desember. Samkvæmt aðdáendasíðu þáttanna, winter-is-coming.net, stóð valið þá á milli Marokkó og Íslands og nú virðist sem Ísland hafi orðið ofan á. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hafa forsvarsmenn þáttaraðanna þegar rætt við framleiðslufyrirtækið Pegasus um að þjónusta verkefnið, en þar á bæ vildi enginn tjá sig um málið í gær.

Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikari hefur tvisvar farið í prufur fyrir þættina og framleiðendurnir hafa hrifist mjög af frammistöðu hans. Meðal leikara í þáttunum má nefna Sean Bean, Jack Gleeson og Nikolaj Coster-Waldau. Guðmundur segir þættina vera algjörlega einstaka en þeir sverja sig í ætt við Hringadróttinssögu. „Ég fór í prufu fyrir svokallaðan pilot-þátt og svo bæði fyrstu og aðra þáttaröðina. Framleiðendurnir hafa sagt mér að vera alveg rólegur því þeir séu mjög hrifnir, þeir vilji bara bíða eftir rétta hlutverkinu,“ segir Guðmundur sem hefur þegar verið boðaður í prufu fyrir þáttaröð þrjú og fjögur. „Ég fer út í október. Ég er samt með báða fætur á jörðinni og finnst bara gaman að prófa þetta.“ Sýningar á fyrstu þáttaröð Game of Thrones hefjast á Stöð 2 á sunnudag.

**freyrgigja@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**TIL ÍSLANDS**

Hluti af þáttaröðinni Game of Thrones verður væntanlega tekinn upp hér á Íslandi í lok þessa árs. **Sean Bean** leikur aðalhlutverkið í þáttunum en íslenski leikarinn **Guðmundir Ingi Þorvaldsson** var boðaður í prufu fyrir bæði fyrstu og aðra þáttaröðina. Hann á einnig að mæta í prufu fyrir þriðju og fjórðu þáttaröðina í október.

# Spurlock sækir Ísland heim

Einn vinsælasti heimildarmyndagerðarmaður heims um þessar mundir, Morgan Spurlock, sækir Ísland heim í næstu viku. Hann hyggst sýna nýjustu kvikmynd sína, The Greatest Movie Ever Sold, í Háskólabíói miðvikudaginn 24. ágúst og sitja svo fyrir svörum. Myndin fjallar um svokallaðar vöruinnsetningar í bandarískum afþreyingariðnaði en áhorfendur fá að fylgjast með því hvernig leikstjóranum tekst að fjármagna áðurnefnda heimildarmynd með slíkum innsetningum.

Spurlock varð heimsfrægur fyrir kvikmynd sína, Supersize Me, sem fjallaði um McDonald's-veldið. Leikstjórinn hét því að draga lífið einungis fram á hamborgurum frá McDonald's og hann mátti aldrei segja nei væri honum boðið að stækka máltíðina. Myndin gekk mjög nærri heilsu Spurlocks en vakti jafnframt feikilega mikla athygli.

Næsta mynd Spurlocks, um Osama bin Laden og hvar hryðjuverkaleiðtoginn væri niðurkominn, vakti ekki síður mikla athygli. „Hann er ein skærasta stjarnan í heimildarmyndaflokknum og höfðar til mjög breiðs hóps,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Græna ljósinu sem hefur veg og vanda af komu Spurlocks. Leikstjórinn kemur til landsins ásamt eiginkonu sinni og ætla þau að njóta lífsins í Reykjavík og nágrenni í nokkra daga. **- fgg**



**SPURT OG SVARAÐ** Einn vinsælasti heimildarmyndagerðarmaður Bandaríkjanna, Morgan Spurlock, kemur til landsins í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Alvöru maður

Hópurinn sem stendur að leikritinu Alvöru menn skellti sér í sjóferð í gær til að æfa senu sem gerist um borð í báti. Leikritið verður frumsýnt í Austurbæ í næsta mánuði en leikstjóri þess er Gunnar Helgason. Aðalhlutverkin eru í höndum Kjartans Guðjónssonar, **Egils Ólafssonar**, Jóhanns G. Jóhannssonar og Jóhannesar Hauks Jóhannessonar. Með í för var tökulið Kastljóssins og fékk það sitthvað fyrir sinn snúð. Bátur hópsins varð vélarvana og rak að klettunum á vesturodda Viðeyjar. Á elleftu stundu kom Special Tours-báturinn Rósin og bjargaði mannskapnum en Egill Ólafsson reyndist vera sá sem helst getur gert tilkall til þess að kallast *alvöru maður*. Leikarinn góðkunni batt saman björgunartaug og kaðal og stjórnaði björgunaraðgerðunum með harðri hendi á milli þess sem hann stappaði stálinu í félaga sína.



### Stund milli skrifa

Fjölmiðlagarparnir **Björn Ingi Hrafnsson** og **Fjölnir Þorgeirsson** voru meðal þeirra fjölmörgu gesta sem nutu veðurblíðunnar í Sundlaug Kópavogs á sunnudag. Slógu kollegarnir á létta strengi í einni af laugunum á meðan yngri kynslóðin lét sig vaða niður rennibrautirnar. Ekki fer sögum af því hvað Birni Inga og Fjölni fór á milli, en ekki er hægt að útiloka að Björn Ingi hafi verið að feta sig inn á nýja vídd með vefmiðlaveldi sitt, En hestamaðurinn Fjölnir skrifar sem kunnugt er á fréttasíðuna Hestafréttir.is. - hdm, sv



### Mest lesið vísir


1. Minningarathöfn við Geirsgötu í nótt
2. Tíkin týnd í þrjá mánuði
3. Kýrin Yvonne vekur mikla athygli í Þýskalandi
4. „Við erum bara á fullu að undirbúa verkfall"
5. Byggja upp ódýrt húsnæði...



FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

